Byggðasafn Skagfirðinga - Rannsóknaskýrslur

# Fornleifaskráning

## Vegna aðalskipulags Breiðdalshrepps

**Þverhamar/Heydalir/Jórvík**



*Tóft vestan bæjarstæðis Jórvíkur*

**Guðný Zoëga**
**Bryndís Zoëga**
**Anna Rut Guðmundsdóttir**

**2004/29**

**Ritstjórar: Guðný Zoëga og Ragnheiður Traustadóttir**
**© Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir/ Byggðasafn Skagfirðinga**
**2004/29**

**Inngangur** ......... 2
Tilgangur fornleifaskráninga ......... 2
Fornleifaskráning og aðferðir ......... 3
Aðferð við skráningu ......... 3
Jarðanúmer ......... 4
Tegund, hlutverk og heiti ......... 4
Lega ......... 4
Staðhættir og lýsing ......... 4
Hættumat ......... 4
Heimildir ......... 5
Saga jarðanna og fornleifar ......... 5
**Saga jarðanna og fornleifar** ......... 6
Byggð í Breiðdal – ágrip ......... 6
**Þverhamar** ......... 7
Saga ......... 8
Náttúrufar og jarðabætur ......... 8
Landamerki ......... 8
Fornleifaskrá ......... 9
**Heydalir** ......... 44
Saga ......... 44
Náttúrufar og jarðabætur ......... 45
Landamerki ......... 45
Fornleifaskrá ......... 47
**Jórvík** ......... 80
Saga ......... 80
Náttúrufar og jarðabætur ......... 80
Landamerki ......... 81
Fornleifaskrá ......... 82
**Niðustöður - samantekt** ......... 108
Minjar og vaðveislugildi ......... 108
Minjar í Breiðdal ......... 108
Minjar á Þverhamri/Breiðdalsvík ......... 108
Minjar í Heydölum ......... 109
Minjar í Jórvík ......... 109
Niðurstöður ......... 110
**Heimildaskrá** ......... 111

**Fylgiskjöl:**
**Þverhamar/Heydalir/Jórvík - yfirlitskort**
**Þverhamar kort af minjum utan túna, Setuborg, Selnes**
**Þverhamar bæjarstæði - kort**
**Túnakort Þverhamars og Setuborgar**
**Túnakort Selness**
**Heydalir kort af minjum utan túna, Skörð, Árnastaðir, Staðarborg, Þýfiskot**
**Heydalir bæjarstæði - kort**
**Túnakort Heydala**
**Jórvík kort af minjum utan túna, Jórvíkurstekkur**
**Jórvík bæjarstæði - kort**
**Túnakort Jórvíkur og Jórvíkurstekkjar**
**Listi yfir hnit á skráðum jörðum í Breiðdalshreppi**

**Inngangur**

Í tengslum við aðalskipulagsgerð Breiðdalsvíkur voru skráðar þrjár jarðir í sveitarfélaginu, Þverhamar, Heydalir og Jórvík. Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram í tengslum við skipulagsgerð og var fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fengin til að vinna slíka skráningu. Kauptúnið Breiðdalsvík er í landi Þverhamars auk þess sem þar er nokkur skógrækt. Heydalir er landmesta jörð Breiðdals og hefur frá öndverðu verið höfðingjasetur og kirkjujörð. Jörðin Jórvík er í eigu Skógræktar ríkisins og þar er nú töluverður skógur. Skráningin var unnin á vettvangi í maí og júní árið 2003. Skoðaðar voru þær minjar sem liggja innan skipulagssvæðisins.

Sérstakar þakkir eru færðar heimildamönnum okkar, Guðjóni Sveinssyni og Birni Björgvinssyni á Breiðdalsvík. Einnig Kristjáni Sigurðssyni á Staðarborg, Lilju Þorleifsdóttur og Svanbjörtu Þorleifsdóttur frá Lindarbakka, Heimi Þór Gíslasyni frá Selnesi. Þór Jónsson, fréttamaður, las próförk og Elis B. Eiríksson, Verkfræðistofu Austurlands, hnitsetti minjarnar á kort.

**Tilgangur fornleifaskráninga**

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós

við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

## Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornaleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.[1]

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Verkfræðistofu Austurlands.

## Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

[1] J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

**Jarðanúmer**
Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Jórvík - 158971, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 197 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði á Jórvík væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Jórvík - 158971-197-1.

**Tegund, hlutverk og heiti**
Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Jórvíkurstekkur eða Efrahús, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

**Lega**
Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Verkfræðistofu Austurlands.

**Staðhættir og lýsing**
Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

**Hættumat**
Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

**Heimildir**
Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

**Saga jarðanna og fornleifar**
Í eftirfarandi kafla er stiklað á stóru um sögu byggðar í Breiðdal auk þess sem rakin er saga hverrar jarðar í stórum dráttum. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

## Saga jarðanna og fornleifar

### Byggð í Breiðdal – ágrip

Breiðdalur er á milli Berufjarðar að sunnan en Stöðvarfjarðar að austan. Fram til 1906 voru Breiðdalur og Stöðvarfjöður einn hreppur og hét þá Breiðdalshreppur.[2]

Í Landnámabók er getið fjögurra landnámsmanna í Breiðdal. Um forna byggð er erfitt að fullyrða en ýmislegt bendir þó til búsetu frá elstu tíð. Þar ber helst að nefna tvo fornleifafundi, á Þverhamri og í Snæhvammi. Á báðum þessum stöðum fundust minjar frá elstu tíð. Í Snæhvammi fannst konukuml frá 10. öld og í því heil klébergsgrýta.[3] Á Þverhamri komu um 1950 upp fornir munir þegar sléttað var í kring um bæjarstæðið. T.d. má nefna kolu úr klébergi. Kristján Eldjárn telur að klébergsfundi megi taka sem vísbendingu um forna byggð, frá 9. – 11. öld, þó með þeim fyrirvara að klébergsmunir kunni að hafa enst fram á miðaldir, og brot úr þeim verið viðloðandi bústaði lengi.[4]

Fjöldi býla við upphaf byggðar er nokkuð óljós en í Stephans-máldaga frá 1491-1518 er getið um að sextán jarðir í Breiðdal heyri undir Heydalakirkju.[5] Manntalsárið 1703 eru 23 byggðir bæir í Breiðdal og 1845, þegar jarðatal Johnsens kemur út, eru býlin 29. Árið 1884 eru býli í dalnum orðin 34. Þessu olli fólksfjölgunin sem varð á seinni hluta 19. aldar sem endurspeglast í fjölgun nýbýla í hreppnum. Fleirbýli var einnig á mörgum jörðum.[6]

Líkt og víða á Austfjörðum um aldamótin 1900 tók að myndast þéttbýli út við ströndina í Breiðdal. Þéttbýlið sem tekur nafn af Breiðdalsvíkinni er byggt úr landi Þverhamars. Fyrsta hús, sem byggt var á Breiðdalsvík, var verslunar- og íbúðarhús, byggt 1896. Skammt þar frá var reist nýbýlið Selnes 1901. Bæði húsin voru úr timbri og eru nú horfin. Selnesbær var rifinn og verslunarhúsin brunnu 1906. Smábúskapur var í kauptúninu fram eftir 20. öldinni en fá merki eru nú um þennan búskap.

---

[2] Sveitir og jarðir, bls. 280.
[3] Kristján Eldjárn, 1949-50, bls. 50.
[4] Kristján Eldjárn, 1949-50, bls. 58.
[5] Breiðdæla, bls. 50-51.
[6] Breiðdæla, bls. 55.

**Þverhamar - 182076-184**



*Bæjarstæði Þverhamars, fjárhústóft (184-7) í forgrunni. Ljósmynd: GZ*

## Saga

"Þverhamar er í kjarnanum í landnámi Herjólfs, sem náði utan frá Hvalnesskriðum og inn að Ormsstaðaá. Er af þeim sökum líklegt að jörðin sé landnámsjörð og raunar kemur fleira til sem þá skoðun styrkir, einkum fornminjar. Um 1950, þegar var verið að lagfæra í kringum bæinn með ýtu, reyndust hleðslur miklar standa djúpt í jörð, þar kom upp fisksleggja úr steini, sökkur, hurðadráttur o.fl., en merkasti fundurinn var kola úr klébergi, sem upp kom, er grafinn var vatnsleiðsluskurður fyrir vatnsveitu til Breiðdalsvíkur 1951. Kolan reyndist vera frá landnámsöld".[7]

Þverhamar stendur nú í hvammi utan við hamar þann sem gengur þvert til suðurs frá fjallsbrekkunni ofan bæjar. Áður fyrr var bæjarstæðið innan við hamarinn og sést þar enn móta fyrir bæjarrústum. Bæjarstæðið mun hafa verið flutt laust fyrir aldamótin 1900 [8]

Bærinn er fyrst nefndur í bréfi frá 1483 þar sem Magnús biskup í Skálholti geldur klaustrinu í Kirkjubæ jarðir í Öræfum og Hornafirði fyrir jarðirnar Eyjar og Þverhamar í Breiðdal.[9] Þverhamar hefur því verið klaustursjörð en síðan hefur jörðin orðið bændaeign og er það í Jarðatali Johnsens 1847. Þar er hún 24 hundruð að

---

[7] Sveitir og jarðir III, bls. 290-91)
[8] Breiðdæla, bls. 197
[9] Íslenskt fornbréfasafn. VI, bls. 482-3.

dýrleika, landskuldir 2, kúgildi 2 og 3 ábúendur. [10] Jörðin hefur stundum verið að hluta í einkaeign annarra en bænda, t.d átti Mensaldur ríki í Papey hana hálfa á 18. öld. [11]

Þverhamar er með stærstu jörðum í Breiðdal og löngum margbýli. Árið 1918 eru býli fjögur, Selnes meðtalið og bændur sex, 1932 eru býli þrjú og tvíbýli á öllum. Árið 1942 eru býli talin sex með einhvern búskap: Ystibær (Þverhamar 1), Ytri miðbær (Þverhamar 2), Innri miðbær (Þverhamar 3), Selnes I (Þverhamar 4) og Selnes II (Þverhamar 5) og Hamar (Þverhamar 6).[12]

Selnes er nýbýli frá Þverhamri, stofnað 1901, það stóð þar sem nú er bæjarland Breiðdalsvíkur. Fleiri nýbýli urðu til úr Þverhamarslandi á 20. öld en þau verða ekki upp talin hér.

**Náttúrufar og jarðabætur**
Bærinn stendur í hvammi skammt undan fjalli. Áður var bærinn innan við hamarinn og náði túnið út á brún hans en hann var fluttur út fyrir Þverhamarinn laust fyrir aldamót. Gamla heimatúnið virðist eftir fasteignamati 1918 að dæma hafa verið allgott og talið í góðri rækt. Stór hluti láglendisins er mýrar sem aðgreinast með lágum klettaásum. Landið var því víða erfitt til ræktunar. Fjallaslægjur voru engar.[13]

Samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847 mun jarðardýrleiki hafa verið 24 hundruð og 2 kúgildi. Ábúendur voru þá þrír. Samkvæmt fasteignamati 1918 munu hafa verið fjögur býli í landi Þverhamra og 6 bændur. Tún 7,2 hektarar og hæfileg áhöfn 8 kýr, 670 fjár og 9 hestar.[14]

**Landamerki**
Jörðin Þverhamar er í Útsveit, en svo er landið utan Tinnudalsár kallað. Mörk eru við Snæhvamm á Merkileiti og sjást þar enn leifar landamerkjagarðsins úr grjóti og klettakambi í Skötuvík, nær mitt á milli bæjanna. Leirurnar skipta löndum Þverhamars og Heydala. Stærð landsins er um 10 $km^2$.[15]

**Heimildaskrá**
J.Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn. 1847.
Íslenzkt fornbréfasafn VI 1245-1491. Rvk.1900-1904.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri: 1976.
Breiðdæla, Drög til sögu Breiðdals, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út. Reykjavík, 1948.

[10] Jarðatal Johnesns, bls. 377.
[11] Sveitir og jarðir III, bls. 291.
[12] Sveitir og jarðir III, bls. 291.
[13] Sveitir og jarðir III, bls. 292.
[14] Sveitir og jarðir III, bls. 293.
[15] Sveitir og jarðir III, bls. 291

**Fornleifaskrá**

**Þverhamar 182076-184-1**
**Hlutverk:** Bæjarhóll
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 7 (-648019) V: 14, 0, 16 (-140044)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 0,6 m
**Lengd:** 17 m
**Breidd:** 15 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Ábúð og skógrækt
**Heimildamaður:** Guðjón Sveinsson




**Staðhættir**
"Fyrrmeir stóð bærinn innan við hamarinn. Lá túnið þá fram á brún hans og skilst af því, að með réttu hét á Þverhamri. Rústir gamla bæjarins sjást enn, því að ekki er lengra en síðan laust fyrir aldamót, að bærinn var fluttur út og ofan fyrir hamarinn"(Bd, 197). Bærinn mun upphaflega hafa staðið austan við hamarinn en flust vestur fyrir hann á 18-19 öld.
**Lýsing**
Á bæjarstæði gamla Þverhamarsbæjarins eru leifar af tvískiptri tóft íbúðarhússins í nokkurri upphækkun í túninu. Mjög greinilegir veggir. Utanmál bæjarhólsins er 15 x 17 m. Minni tóftin er um 5 x 4 m að innanmáli en vestan við og áföst henni er stærri tóft, um 5 m þar sem hún er breiðust og um 17 m þar sem hún er lengst. Mesta hæð veggja er 0,6 m og mesta þykkt 2,5 m.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu: Þverhamar.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri: 1976.
Breiðdæla, Drög til sögu Breiðdals, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út. Reykjavík, 1948.

**Þverhamar 182076-184 - 2**
**Sérheiti:** Þverhamar
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Bæjarstæði
**Lega:** N: 64, 48, 4 (-648011) V: 14, 0, 6 (-140017)
**Horfin:** Sléttað út um 1950

**Staðhættir**
Í Breiðdælu stendur "Fyrrmeir stóð bærinn innan við hamarinn. Lá túnið þá fram á brún hans og skilst af því, að með réttu hét á Þverhamri" (Bd: 197). Ari Brynjólfsson byggði timburhús, Þverhamar 1, 1891-92. Skv. fasteignamati 1918 var það 7,56 x 6,18 m. Samkvæmt fasteignamati 1818 var á þriðja býli járnklætt timburhús 5,04 x 3,15 m. Mun hafa verið viðbygging við húsið á Þverhamri 1. Þessi hús brunnu 1943 (Sjm: 293)

Á túnakorti Þverhamars má sjá ummerki um a.m.k. sex byggingar, íbúðar- og útihús. Þar eru einnig merktir inn kálgarðar og garðlög. Bruni varð á bæjarstæðinu um miðja öldina og þar hefur einnig verið sléttað. Þar eru því ekki lengur nein merki þessara minja. Þar mun bærinn hafa staðið forðum en þegar sléttað var um 1950 komu upp minjar frá landnámsöld.

**Lýsing**

Gps punktur var tekinn á núverandi bæjarstæði en þar var sléttað um 1950 og þær tóftir sem sýndar eru á túnakorti frá 1919 því horfnar.

**Heimildaskrá**

Breiðdæla, Drög til sögu Breiðdals, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út. Reykjavík, 1948.
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu: Þverhamar.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri, 1976.
Örnefnaskrá Þverhamars, skráð af Þorsteini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

**Þverhamar 182076-184 - 3**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 4 (-648022)V: 14, 0, 8 (-140022)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1,2 m
**Lengd:** 10 m
**Breidd:** 10 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar




**Staðhættir**

Hesthústóftin er 5 m vestan við nýtt íbúðarhús, inni í garðinum vestan við húsið.

**Lýsing**

Ferhyrnd tóft að ummáli 10 x 10 m. Mesta hæð veggja er 1,2 m og mesta þykkt 1 m. Veggir standa vel. Enginn veggur er til suðurs. Búið er að planta trjám í tóftinni.

**Heimildaskrá**

Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu: Þverhamar.




**Þverhamar 182076-184 - 4**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 8 (-648022) V: 14, 6, 5 (-141014)
**Hleðsluhæð:** 1,5 m
**Lengd:** 12 m
**Breidd:** 5 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**

Fremst á klettahjalla, beint ofan og 100 m norðaustan bæjarins er fjárhústóft. Tóftin sést á túnakorti.

**Lýsing**
Tvískipt tóft, hlaðin úr torfi og grjóti. Hæð veggja 1,5 m og þykkt 1 m. Fjárhústóft með áfastri hlöðu aftan við, innangengt á milli. Snýr norðaustur-suðvestur og dyr hafa verið til suðvesturs. Smákofi er upp við vestari langvegg tóftarinnar, framanvert, um 1 x 2 m. Tóftin er annars um 12 m löng og um 5 m að utanmáli.
**Aðrar upplýsingar**
Trjágróðri hefur verið plantað í og við tóftina.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 5**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 9 (-648025) V: 14, 0, 6 (-140017)
**Lengd:** 5 m
**Breidd:** 2 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar og skógræktar

**Staðhættir**
Hesthúsbali er utan við Hesthúslækinn. "Þar stóð hesthús, reist af Þorsteini Stefánssyni, en er nú jafnað við jörð" (ÖS-GS).
Útihúsið stendur á austurbakka Hesthúsalækjar um 150-180 m norðan húss, neðan kletta.




**Lýsing**
Mjög gróin tóft, að hluta til grafin inn í brekkuna, grjót sést ekki í hleðslu. Snýr nna-ssv, opin til suðurs. Innanmál tóftar er um 5 x 2 m. Hæð veggja er 0,6 m og þykkt 0,4 m.
**Aðrar upplýsingar**
Óvíst hvort þarna er um að ræða hesthús Þorsteins Stefánssonar sem getið er í örnefnaskránni.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.

**Þverhamar 182076-184 - 6**




**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 9 (-648025) V: 14, 0, 7 (-140019)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1,7 m
**Lengd:** 10 m
**Breidd:** 5 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar og skógræktar

**Staðhættir**
Tóftin stendur um 150 m norðan húss, á vestari bakka Hesthúslækjar.
**Lýsing**
Grjóthlaðin tóft, snýr nálega norður-suður, dyr til suðurs. Vel gróin, en grjót sýnilegt í hleðslu. Ummál um 5 x 10 m. Hæð veggja er 1,7 m og þykkt 2 m. Á túnakorti er sýndur matjurtagarður vestan tóftarinnar. Hann er ekki greinilegur nú.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 7**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 8 (-648022)
V: 14, 0, 11 (-140031)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1,7 m
**Lengd:** 15 m
**Breidd:** 14 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar og skógræktar

**Staðhættir**
Um 100 m norðvestur af íbúðarhúsi af fjárhústóft.
**Lýsing**
Þrjár samliggjandi tóftir. Á túnakorti eru aðeins sýndar tvær tóftir. Þvermál tóftanna er 15 x 14 m. Mesta hæð veggja er 1,7 m og mesta þykkt er 2 m. Vestasta tóftin er fjárhústóft og er garði eftir tóftinni miðri. Tvær svipaðar tóftir eru áfastar samsíða austan hennar. Ekki mótar fyrir garða í þeim. Þrennar dyr eru á tóftinni og vísa þær til suðausturs.




**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 8**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 9 (-648025) V: 14, 0, 12 (-140033)
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar og skógræktar

**Staðhættir**
Í túni um 100 m norðvestur af nýrra íbúðarhúsi um 8 m norður af tóft númer 184 - 7, til norðurs frá gamla bæjarhólnum, er tóft útihúss.
**Lýsing**

Mjög sokkin og ógreinileg tóft, snýr norðvestur-suðaustur, dyr hafa verið til suðausturs. Innanmál 9 x 3,5 m.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 9**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 9 (-648025) V: 14, 0, 12 (-140033)
**Lengd:** 5 m
**Breidd:** 2,5 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar og skógræktar

**Staðhættir**
Í túni um 120 m norðvestan nýrra íbúðarhúss á Þverhamri um 18 m norðan við tóft 184 – 7 eru tættur útihúss.
**Lýsing**
Mjög ógreinileg tóft við klett, efst í túni. Innanmál 5 x 2,5 m. Hefur snúið nálega nv-sa, hlaðin á þrjá vegu en þil til sa.

**Þverhamar 182076-184 - 10**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 10 (-648028) V: 14, 0, 13 (-140036)
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Lítil hætta

**Staðhættir**
Uppi við klett efst í túni um 200 m norður af bænum er tóft
**Lýsing**
Mjög ógreinileg tóft í hálfhring um 12 m til suðvesturs frá kletti efst í túni. Kann að vera niðurgrafin að hluta. E.t.v. rétt eða aðhald einhvers konar.

**Þverhamar 182076-184 - 11**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48,09 (-648025) V: 14, 0, 20 (-140056)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1
**Lengd:** 5
**Breidd:** 3
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar




**Staðhættir**
Um 180 m ofan þjóðvegar og um 180 m vestan við Þverhamar er tóft.
**Lýsing**
Tvískipt tóft úr grjóti og torfi. Veggir eru greinilegir og standa vel. Hlaðinn grjótgarður liggur í norður og suður frá tóftinni. Ummál tóftar er 3 x 5 m. Mesta hæð veggja er 1 m og mesta þykkt er 0,8 m. Vel sést í grjóthleðslur en tóftin er þó vel gróin.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 12**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 5 (-648014) V: 14, 0, 24 (-140067)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1 m
**Lengd:** 3 m
**Breidd:** 3 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar og skógræktar




**Staðhættir**
Tóft er um 135 m vestan bæjarhúsa á Þverhamri.
**Lýsing**
Ferhyrnd grjóttóft. Ummál 3 x 3 m, mesta hæð veggja er 1 m. Tóftin er að hluta til grafin inn í lága hæð. Hún er alveg opin til suðurs. Tóftin er vel gróin en þó sér í vegghleðslur.

**Þverhamar 182076-184 - 13**
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 5 (-648014) V: 14, 0, 9 (-140025)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 1,5 m
**Breidd:** 1 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Um 40 m norðvestur af bæjarhúsum á Þverhamri, fremst þar sem klettarnir enda, er kofatóft.
**Lýsing**
Mjög vel gróin smátóft, sér lítið í grjót. Tóftin er 1,5 x 1 m að ummáli.
**Þverhamar 182076-184 - 14**

**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 6 (-648017) V: 14, 0, 11 (-140030)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 5
**Breidd:** 3
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Um 45 m norðvestan við Þverhamarsbæinn vestan Hesthúslækjar er útihússtóft.




**Lýsing**
Vel gróin tóft og sér lítið í grjót. Ummál tóftar er 3 x 5 m. Líklega tóftir útihúsa.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 15**




**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 65, 48, 4 (-658016) V: 14, 0, 12 (-140028)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 4
**Breidd:** 4
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar og skógræktar

**Staðhættir**
Um 40 m vestan við Þverhamar, vestan Hesthúslækjar og um 50 m ofan þjóðvegar, eru tættur útihúss. Útihúsið er sýnt á túnakorti.
**Lýsing**
Algróin tóft, útflött og innri veggir fremur ógreinilegir. Ummál tóftarinnar er um það bil 4 x 4 m.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 16**
**Hlutverk:** Traðir
**Tegund:** Vegur
**Lega:** N: 64, 48, 4 (-648011) V: 14, 0, 11 (-140031)
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar
**Staðhættir**

Traðirnar lágu neðan bæjar á Þverhamri og þar var einnig þjóðvegur. Vegurinn er ennþá greinilegur inn frá nýrra íbúðarhúsinu á Þverhamri og inn ofan túns, neðan gamla bæjarhólsins.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 17**
**Hlutverk:** Mógröf
**Tegund:** Náma
**Lega:** N: 64, 48, 6 (-648017) V: 14, 0, 16 (-140044)
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Lítil hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Mógröf er í túninu um 150 metra innan við bæinn og um 100 m fyrir ofan veg.

**Þverhamar 182076-184 - 18**
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 48, 6 (-648017) V: 14, 0, 22 (-140061)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
"Leifar grjótgarðs í urð niður af Drangalækjargili. Talinn frá tíð Kristínar ríku og að skriðan sem féll 1783 liggi yfir hluta garðsins og túns" (Sjm: 293).
Garðurinn liggur nna-ssv um 150 m fyrir ofan veg, vestan við Þverhamarsbæinn.
**Lýsing**
Hlaðinn grjótgarður, samfelldur á um 98 m löngum kafla en ofar eru garðbrot. Hugsanlega hefur garðurinn farið í sundur vegna flóða. Er um 1 m þar sem hann er hæstur og 1 m þar sem hann er þykkastur.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri, 1976.
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-1840 - 19**
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 48, 2 (-648006) V: 14, 0, 25 (-140069)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 0,5 m
**Lengd:** 20 m

**Breidd:** 0,4 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Nálægð við veg

**Staðhættir**
Norðurendi garðs liggur n-s um 20 m fyrir ofan þjóðveginn sunnan Þverhamars og um 150 m vestan Þverhamars.
**Lýsing**
Mjög gróinn grjótgarður um 20 m að lengd. Veggurinn er um 0,4 m á breidd og um 0,5 m á hæð.

**Þverhamar 182076-184 - 20**
**Hlutverk:** Grunnur
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 7 (-648019) V: 14, 0, 0 (-140000)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 10 m
**Breidd:** 6 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 50 m austur af bæjarhúsum á Þverhamri er tóft.
**Lýsing**
Steinsteyptur húsgrunnur um 6 x 10 m að ummáli. .

**Þverhamar 182076-184 - 21**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 8 (-648022) V: 13, 59, 54 (-139983)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1,5 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar




**Staðhættir**
Réttartóft er um 30 m norður af fjárhúsi og um 150 m norðaustur frá núverandi íbúðarhúsi.




**Lýsing**
Grjóthlaðin rétt upp við klettavegg og myndar kletturinn norðurvegg réttarinnar. Hleðslan liggur í boga til austurs frá klettinum á um 35 m löngum kafla. Suðurhliðin er bein, um 20 m að lengd. Við vestari enda suðurhliðar beygir garðurinn níutíu gráður og liggur aftur upp að klettaveggnum á um 25 m kafla. Vesturhliðin er mjög hrunin og ógreinilegri en aðrir hlutar garðsins.

Fast vestan foss í læk austan réttarinnar eru lágir grjótgarðar sem líklega eru hluti af sama mannvirkinu. Tveir samsíða grjótgarðar, um 30 m á lengd, liggja til suðurs frá klettavegg. Um 20 m löng grjóthleðsla liggur þvert á milli garðanna um 8 m sunnan klettaveggjarins.

**Þverhamar 182076-184 - 22**
**Sérheiti:** Ennishús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 8 (-648022) V: 13, 59, 59 (-139997)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 22
**Breidd:** 12
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**




Fjárhústóft er um 120 m norðaustur frá bænum.
**Lýsing**
Ferhyrnd tóft, 12 x 22 m að ummáli. Veggir standa vel og tóftin er vel gróin en þó sést sums staðar í grjót. Í tóftinni eru tveir veggir/garðar sem liggja eftir henni endilangri.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 23**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 8 (-648022) V: 13, 59, 59 (-139997)
**Hleðsluhæð:** 1,2 m
**Lengd:** 9 m
**Breidd:** 6 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Um 125 m norðaustur af bæjarhúsum á Þverhamri, rétt austan við fjárhústóftina er önnur heldur minni tóft.
**Lýsing**
Tóftin er um 9 x 6 m að ummáli, vel gróin en sér í grjóthleðslur. Bárujárn og timbur er í miðri tóft. Hæð veggja er 1,2 m og þykkt veggja er 1,2 m.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.
**Þverhamar 182076-184 - 24**




**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 8 (-648022) V: 14, 0, 2 (-140006)
**Lengd:** 5 m
**Breidd:** 3 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Tóft um 100 m norðaustur frá bænum.
**Lýsing**
Ferhyrnd tóft, 5 x 3 m að utanmáli. Dyr vísa til suðurs. Tóftin er mjög gróin, en sér í grjót í vegghleðslum.

**Þverhamar 182076-184 - 25**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Lega:** N: 64, 48, 9 (-648025) V: 14, 0, 0 (-140000)
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Matjurtagarður um 120 m norðaustan núverandi bæjarstæðis á Þverhamri. Um 10 x 10m að ummáli.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 26**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 9 (-648025) V: 14, 0, 14 (-140039)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1
**Lengd:** 12
**Breidd:** 7
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar




**Staðhættir**
Tóft er  í túninu um 150 metra innan við bæinn. Sést á túnakorti Þverhamarsbæjar.
**Lýsing**
Tóft hlaðin úr torfi og grjóti.  Ummál tóftar er 12 x 7 m.  Mesta hæð veggja er 1 m og þykkt 1,3 m.  Snýr norður-suður, dyr til suðurs. Garði er fyrir miðju tóftar.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.
**Þverhamar 182076-184 - 27**

**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 10 (-6448028) V: 14, 0, 14 (-140039)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1,2
**Lengd:** 6
**Breidd:** 4
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Lítil hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar




**Staðhættir**
Um 150 m norðvestur af Þverhamri um 200 m ofan vegar. Tóftin er á austurbakka þornaðs lækjarfarvegar, tengd túngarði sem nær um 15 m norður fyrir hana, sýnd á túnakorti.
**Lýsing**
Grjóttóft, liggur austur/vestur. Veggir standa ágætlega en þó byrjaðir að hrynja sums staðar. Hleðsla stendur vel og sést greinilega en annars er tóftin gróin. Ummál tóftar er 4 x 6 m og mesta hæð veggja er 1,2 m. Dyr eru á tóftinni og vísa til suðurs. Op er á norðaustur horni tóftarinnar en trúlega er það vegna þess að veggurinn er hruninn.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 28**
**Sérheiti:** Grjótstekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 8 (-648022) V: 13, 59, 40 (-139944)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 0,4 m
**Lengd:** 4 m
**Breidd:** 3 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta




**Staðhættir**
Grjótstekkur um 200 m austnorðaustur frá íbúðarhúsinu á Þverhamri.
**Lýsing**
Mjög vel gróin tóft úr grjóti og torfi. Hvergi sér í grjót. Hún er að ummáli 3 x 4 m. Mesta hæð veggja er 0,4 m og mesta þykkt 1 m. Norðaustan við tóftina er einföld grjótlögn á yfirborði um 8 x 6 m, myndar tvö hólf.
**Aðrar upplýsingar**
Kann að vera svokallaður grjótstekkur sem getið er um í örnefnaskrá.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Þorsteinn Stefánsson skráði.

**Þverhamar 182076-184 - 29**



**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 8 (-648022) V: 14, 0, 0 (-140000)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 10 m
**Breidd:** 4 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Tóft um 110 m austur af bæjarstæði á Þverhamri.
**Lýsing**
Mjög ógreinileg aflöng tóft, liggur nálega norður-suður. Vegghleðslur eru ógreinilegar, dyr vísa til vesturs. Grjót í miðri tóft. Utanmál tóftar er 4 x 10 m. Rétt austan við er minni tóft um 2 x 2 m að utanmáli, snýr austur-vestur.

**Þverhamar 182076-184 - 30**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 48, 7 (-648019) V: 14, 0, 6 (-140017)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 80 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Túngarður um 50 m norðaustur frá íbúðarhúsinu á Þverhamri.
Sýndur á túnakorti Þverhamars frá 1919.
**Lýsing**
Liggur um 50 m kafla norður-suður og um 30 m kafla austur-vestur. Algróinn en stendur vel.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 31**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 48, 6 (-648017) V: 13, 59, 55 (-139986)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1,5 m
**Lengd:** 30 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**

Um 100 m austur frá íbúðarhúsinu á Þverhamri er túngarður
**Lýsing**
Veggur um það bil 30 m langur, liggur norður-suður. Í veggnum sér í grjót. Hæð veggjar er um 1,5 m. Þykkt veggja er um 1 m.

**Þverhamar 182076-184 - 32**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 48, 12 (-648033)V: 14, 1, 21 (-140225)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1 m
**Lengd:** 60 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Hleðsla erum 120 m na bæjarstæðis á Þverhamri.
**Lýsing**
Túngarður á um 60 m löngum kafla. Mjög gróinn. Hæð 1 m og þykkt 1 m.

**Þverhamar 182076-184 - 33**
**Hlutverk:** Garður (líklega undan girðingu)
**Tegund:** Garðlag
**Lega:** N: 64, 47, 52 (-647978) V: 13, 58, 56 (-139822)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 15 m
**Breidd:** 10 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
Um 900 m suðaustur af veitingahúsinu Kaffi Margréti upp frá svokölluðum Skipatanga.
**Lýsing**
Upp við lítinn klett ofan við Skipatanga er slétt ferköntuð flöt sem afmörkuð er lágu garðlagi. Garðlagið kann að vera undan girðingu og hefur líklega verið afmarkað hólf eða einhverskonar gripheldi upp við klettinn.

**Þverhamar 182076-184 - 34**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 50 (-647972)
V: 13, 58, 44 (-139789)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 0,5 m
**Ástand:** Gott



**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
“Skötuvíkurhraun er lágt klettarið, grasi gróið. Utan við og ofan til eru leifar fjárhúsa og hringlaga fjárborgar sem enginn veit nú deili á” (ÖS-GS).
Um 500 m suðaustur af Kaffi Margréti og um 100 m neðan vegar beint ofan Réttartanga, utan við svokallað Skötuvíkurhraun.
**Lýsing**
Hringur í túni mjög gróinn, um 10 x 10 m að utanmáli, út frá norðurhlið hringsins til suðurs er ferhyrnd upphækkun um 7 x 3 m. Veggjahæð er 0,5 m og þykkt 3 m. 10 m vestan hringsins er ferhyrnd tóft, útflött og hlaupin í þúfur, veggjahæð 0,4 m og þykkt 3 m. Einhver ógreinileg veggjalög eru í miðri tóftinni..
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði:1986

**Þverhamar 182076-184 - 35**
**Sérheiti:** Gvendarbrunnur
**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Brunnur
**Lega:** N: 64, 48, 5 (-648014) V: 14, 0, 1 (-140003)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 1,5 m
**Breidd:** 1 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
Við bæjarstæðið á Þverhamri er Gvendarbrunnur
**Lýsing**
Ummál brunnsins er 1,5 x 1 m.

**Þverhamar 182076-184 - 36**
**Sérheiti:** Þýfi
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 13 (-648036) V: 14, 0, 31 (-140086)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 2,5 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta




**Staðhættir**
"Nokkru innan við Drangagil er grunnt gil neðst í fjallinu, og kallast það Þýfisgil. Neðan við gilkjaftinn eru leifar fjárhúsa Sveins Brynjólfssonar, föður míns, er nefndust Þýfi, og eru þessi örnefni síðan eða frá 1925” (ÖÞ-GS).

Fjárhúsið er neðst í brekku, efst í túni, um 400 m norðvestur af húsi og um 100 m ofan uppistandandi hesthúss vestan árinnar sem rennur vestan Þverhamarsbæjar.
**Lýsing**
Tóftin er enn mjög greinileg, um 18 x 13 m að ummáli. Veggjahæð er mest 2,5 m og mesta þykkt veggja 2 m. Framan við er fjárhústóft með tveimur grjóthlöðnum görðum eftir endilangri tóftinni Aftan við tóftina vestanverða er hlöðutóft.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði:1986

**Þverhamar 182076-184 - 37**
**Sérheiti:** Þýfi
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 13 (-648036)
V: 14, 0, 34 (-140094)
**Hleðsluhæð:** 1,5 m
**Lengd:** 5 m
**Breidd:** 3 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar




**Staðhættir**
"Nokkru innan við Drangagil er grunnt gil neðst í fjallinu, og kallast það Þýfisgil. Neðan við gilkjaftinn eru leifar fjárhúsa Sveins Brynjólfssonar, föður míns, er nefndust Þýfi, og eru þessi örnefni síðan eða frá 1925 (ÖÞ-GS).
**Lýsing**
Um 20 m vestan stórrar fjárhústóftar 184-36. Um 100 m ofan hesthúss sem stendur neðst í túni. Mjög greinileg grjót- og torfhlaðin tóft, hlaðin á þrjá vegu en opin til suðurs. Að hluta til grafin inn í brekkuna. Veggjahæð 1,5 m og þykkt veggja 1 m.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.

**Þverhamar 182076-184 - 38**
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 47, 53 (-647981) V: 13, 58, 38 (-139772)
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
“Við Snæhvamm eru mörk á Merkileiti og sjást þar enn leifar Landamerkjagarðsins úr grjóti og klettakambi í Skötuvík nær mitt á milli bæja” (Sjm: 291).
**Lýsing**
Frá fjöru upp í fjall að stóru gili um 500 m utan við Kaffi Margréti er grjótgarður. Hann nær niður að túni en verður grónari þar fyrir neðan og stendur girðing á honum að hluta í túninu neðan þjóðvegar. Garðurinn slitnar á 50 m kafla við þjóðveginn.

**Aðrar upplýsingar**
Neðan vegar:
64°47’53’’
13°58’38’´
ofan vegar:
64°47’57’’
13°58’36’’
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri: 1976.

**Þverhamar 182076-184 - 39**




**Sérheiti:** Setuborg
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 11 (-648031) V: 14, 1, 22 (-140228)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1,5 m
**Lengd:** 3 m
**Breidd:** 7 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar
**Heimildamenn:** Guðjón Sveinsson sem fæddur er og uppalinn á Þverhamri og Björn Björgvinsson frá Höskuldsstaðaseli.

**Staðhættir**
Nafnið Setuborg er “e.t.v. dregið af hjásetu, annars er uppruni nafnsins ókunnur” (ÖS-GS).
Tóftin liggur um 30 m neðan við þjóðveg inn eftir dalnum til Egilsstaða um 80 m suðaustan einbýlishúss á Gljúfraborg eru leifar beitarhúss og túngarðs.
**Lýsing**
Grjóttóft, vel greinileg. Utanmál er 7 x 3 m. Hæð veggja er 1,5 m og þykkt þeirra 1,5 m. Tóftin snýr sa-nv, dyr hafa verið til austurs. Ógreinilegur garði eftir miðju húsi.
**Aðrar upplýsingar**
Á Túnakorti Þverhamars er sýnt afmarkað tún með túngarði og fjórum tóftum. Þetta mun vera túnið á Setborg en aðeins er eftir ein tóft og túngarðsbrot en túngarður og aðrar tóftir hafa skemmst við jarðrækt og vegagerð. (eru númer 66-70 í skránni hér á eftir)
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.



*Fjárhústóft á Setuborg túngarður að baki tóftinni. Ljósmynd: GZ*

**Þverhamar 182076-184 - 40**
**Sérheiti:** Setuborg
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 48, 12 (-648033) V: 14, 1, 21 (-140225)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1 m
**Lengd:** 60 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir/Lýsing**
Um 15 m vestan við fjárhús, svokallaða Setuborg, er túngarður sem liggur frá norðri til suðurs á um 60 m löngum kafla. Hann er mjög gróinn. Hæð 1 m og þykkt 1 m.
**Aðrar upplýsingar**
Á Túnakorti Þverhamars er sýnt afmarkað tún með túngarði og fjórum tóftum. Þetta mun vera túnið á Setborg en aðeins er eftir ein tóft og túngarðsbrot en túngarður og aðrar tóftir hafa skemmst við jarðrækt og vegagerð. (eru númer 66-70 í skránni hér á eftir)
Þrenn hnit voru tekin á garðinum:
64°48’12’’
14°01’21’’
64°48’11’’

14°01’23’’

64°48’10’’
14°01’24’’
**Þverhamar 182076-184 - 41**
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Heimild
**Lega:** N: 64, 48, 27 (-648075) V: 14, 2, 35 (-140431)
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfið
**Heimildamaður:** Guðjón Sveinsson

**Staðhættir**
Beitarhús munu hafa staðið þar sem fjárhús eru í dag innan Gljúfraborgar.

**Þverhamar 182076-184 - 42**
**Sérheiti:** Ísleifsgjót
**Hlutverk:** Aftaka
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 48, 16 (-648044) V: 14, 1, 44 (-140289)
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Hangaklif eru hraungarðar innan við nýbýlið Gljúfraborg (Þverhamar I) og aðgreinast í Ytri- og Innri-Hangaklif. Í þeim ytri er skarð í hraunið um 10 m neðan þjóvegarins, er nefnist Ísleifsgjót. Þar voru útileguþjófar hengdir”(ÖS-GS).
**Aðrar upplýsingar**
Punktur tekinn við Ísleifsgjótu, engin ummerki um mannvirki.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.

**Þverhamar 182076-184 - 43**
**Hlutverk:** Naust
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 40 (-647944) V: 13, 58, 45 (-139792)
**Lengd:** 5 m
**Breidd:** 2 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna sjávargangs

**Staðhættir**
Um 30 m frá fjöruborði og um 300 m neðan vegar, vestan megin á Réttartanga um 700 m suðsuðaustur af Kaffi Margréti er gamalt naust.
**Lýsing**
Ógreinileg tóft sem liggur upp að kletti. Svo virðist sem grjóti sé hlaðið í kringum hana. Tóftin er mjög gróin. Ummál hennar er 5 x 2 m.

**Þverhamar 182076-184 - 44**
**Sérheiti:** Réttartangi
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 34 (-647928) V: 13, 58, 47 (-139797)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 0,7 m
**Lengd:** 74 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
"Efst er torfgarður um 60 m langur þvert yfir tangann. Hefur hann verið mikið mannvirki á sínum tíma. Guðmundur Árnason álítur, að hann hafi verið gerður til að vernda eða reyna að auka þarna æðarvarp, en þessi garður var fyrir löngu hlaðinn, þá Guðmundur man eftir sér" (ÖS-GS).
Garðurinn liggur um 1 km austan við Breiðdalsvík
**Lýsing**
Hlaðinn grjót- og torfgarður sem liggur þvert yfir Réttartangann, nyrst á tanganum. Hleðsla stendur enn mjög vel en garðurinn er þó orðinn nokkuð gróinn. Ferköntuð grjóthleðsla um 1,5 x 1,5 m er við austurenda garðsins. Lengd garðsins er um 74 m, hæð mest um 70 cm og þykkt mest 1,5 m.


*Garður yfir Réttartanga. Ljósmynd: GZ*

**Aðrar upplýsingar**
Gps punktar eru teknir hvor við sinn enda garðsins.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.

**Þverhamar 182076-184 - 45**
**Sérheiti:** Réttartangi
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 33 (-647925) V: 13, 58, 50 (-139806)
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 40 m sunnan garðsins sem þverar tangann er tóft.
**Lýsing**
Leifar af ferkantaðri, grjóthlaðinni tóft, e.t.v. undan hjalli. Nú er einungis eftir flöt með nokkrum steinum úr hleðslu, 5 x 3 m að utanmáli. Steinarnir kunna að tengjast sjósókn frá tanganum.

**Þverhamar 182076-184 - 46**
**Sérheiti:** Réttartangi
**Hlutverk:** Uppsátur
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 65, 47, 46 (-657961) V: 13, 58, 46 (-139794)
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna sjávargangs

**Staðhættir**
Um 30 m frá fjöruborði og um 300 m neðan vegar, austan og upp frá Réttartanga um 700 m suðsuðaustur af Kaffi Margréti, er uppsátur.
**Lýsing**
Slétt bátslaga flöt rétt ofan við fjöruborðið. Hefur verið grafið inn í bakkann.

**Þverhamar 182076-184 - 47**
**Sérheiti:** Réttartangi
**Hlutverk:** Útræði
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 32 (-647922) V: 13, 58, 53 (-139814)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 0,3 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna sjávargangs




**Lýsing**
Torfhlaðin smátóft, e.t.v. naust, á grasbakka ofan vesturstrandar Réttartanga. Tóftin er orðin mjög útflött og veggjalög ógreinileg. Mesta þykkt veggja eru 30 cm, hæð 30 cm.

**Þverhamar 182076-184 - 48**
**Sérheiti:** Réttartangi
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 31 (-647919) V: 13, 58, 52 (-139811)
**Lengd:** 2 m
**Breidd:** 2 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 50 m sunnan við garð sem þverar Réttartanga er tóft.
**Lýsing**
Lítil grjóttóft, um 2 x 2 m að innanmáli. Grjóthleðsla nokkuð hrunin. Snýr nna-ssv, hlaðin á þrjá vegu en opin til suðurs.Líklega hleðsla undan hjalli. Grjót í hleðslu er svipað grjóti í fjárborg, kann að vera frá sama tíma.

**Þverhamar 182076-184 - 49**




**Sérheiti:** Réttartangi
**Hlutverk:** Útræði
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 31 (-647919)
V: 13, 58, 53 (-139814)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 0,2 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Lítil hætta

**Lýsing**
Grjót- og torfhlaðin tóft hlaðin umhverfis stórt náttúrugrjót,um 10 m frá vesturfjöru tangans, orðin mjög gróin og ógreinileg. Hæstir eru veggirnir 20 cm og þykkt mest 30 cm. Líklega er hér um að ræða minjar tengdar sjósókn frá tanganum.

**Þverhamar 182076-184 - 50**
**Sérheiti:** Réttartangi
**Hlutverk:** Fjárborg
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 30 (-647917) V: 13, 58, 54 (-139817)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1 m
**Lengd:** 6
**Breidd:** 6
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Lítil hætta




**Staðhættir**
Samkvæmt örnefnalýsingu hefur verið fjárborg úr grjóti á Réttartanga (ÖS-GS). Fjárborgin er ysta tóftin á Réttartanga.
**Lýsing**
Hringlaga grjóthlaðin fjárborg um 6 x 6m að innanmáli. Nokkuð hrunin. Hlið hefur verið á borginni til suðurs. Vegghæð er mest 1 m og þykkt 1 m.
**Aðrar upplýsingar**
64°47’50’
13°58’45’’
**Heimildaskrá**
Guðjón Sveinsson: Skrá yfir örnefni í Suður-Múlasýslu: Breiðdalshreppur: 1986.

**Þverhamar 182076-184 - 51**




**Sérheiti:** Skipatangi
**Hlutverk:** Naust
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 37 (-647936) V: 13, 59, 3 (-139842)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 0,3 m
**Lengd:** 8 m

**Breidd:** 2 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna sjávargangs

**Staðhættir**
"Fyrir innan Réttartanga er Skipatangi" (ÖS-ÞS).
“Úr Skipatanga var útræði. Þar sjást leifar fiskhjalla eða fiskhúss” (ÖS-GS).
Tóft af nausti er á vesturbakka við ströndina vestast á Skipatanga.
**Lýsing**
Tóftin er 8 x 2 m að innanmáli, úr torfi og grjóti. Veggir eru óverulegir, um 30 cm á hæð og þykkt. Farið er að brotna af tóftinni fram í sjó.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Þorsteinn Stefánsson skráði.
Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.

**Þverhamar 182076-184 - 52**
**Sérheiti:** Réttartangi
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 31 (-647919) V: 13, 58, 52 (-139811)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 2 m
**Breidd:** 2 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
Tóft er um 50 m sunnan við garðinn sem þverar Réttartanga
**Lýsing**
Lítil grjóttóft, 2 x 2 m að innanmáli. Grjóthleðsla nokkuð hrunin. Hæð um 0,4 m, þykkt 1 m.

**Þverhamar 182076-184 - 53**
**Sérheiti:** Skipatangi
**Hlutverk:** Útræði
**Tegund:** Sjóhús/fiskbyrgi
**Lega:** N: 64, 47, 34 (-647928) V: 13, 59, 3 (-139842)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 6
**Breidd:** 5
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Lítil hætta
**Hættuorsök:** Vegna sjávargangs




**Staðhættir**
"Fyrir innan Réttartanga er Skipatangi" (ÖS-ÞS).
“Úr Skipatanga var útræði. Þar sjást leifar fiskhjalla eða fiskhúss“ (ÖS-GS).

Efst á kletti frammi á austanverðum Skipatanga eru leifar sjóhúss eða fiskbyrgis
**Lýsing**
Ferköntuð, grjóthlaðin tóft, stendur efst á kletti frammi á austanverðum Skipatanga. Ummál tóftarinnar er 6 x 5 m. Mesta vegghæð er 1 m, þykkt 80 cm. Hleðsla stendur vel en er aðeins farin að hrynja.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.
Örnefnaskrá Þverhamars, Þorsteinn Stefánsson skráði.

**Þverhamar 182076-184 - 54**
**Sérheiti:** Skipatangi
**Hlutverk:** Naust
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 36 (-647933) V: 13, 58, 01 (-139836)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 0,2 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna sjávargangs




**Staðhættir**
"Fyrir innan Réttartanga er Skipatangi" (ÖS-ÞS).
"Úr Skipatanga var útræði. Þar sjást leifar fiskhjalla eða fiskhúss" (ÖS-GS).
Innst og vestast við voginn, milli Réttartanga og Skipatanga, eru leifar nausts.
**Lýsing**
Um er að ræða tvær samliggjandi tóftir, sú vestari er 3 x 5 m, sú austari 7 x 3 m. Veggjalög eruóveruleg, hæst 20 cm, þykkust 30 cm. Tóftirnar eru að hrynja í sjó fram.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.
Örnefnaskrá Þverhamars, Þorsteinn Stefánsson skráði.

**Þverhamar 182076-184 - 55**
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 39 (-647942) V: 13, 58, 60 (-139833)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 30 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
Efst og vestast ofan við Skipatanga eru garðsleifar.
**Lýsing**
Garður sem liggur í sveig, um 30 m langur. Virðist vera uppmokaður jarðvegur og grjót, nokkuð óreglulegt.

**Þverhamar 182076-184 - 56**
**Sérheiti:** Króartangi
**Hlutverk:** Uppsátur

**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 42 (-647950) V: 13, 59, 11 (-139864)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 4 m
**Breidd:** 5 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna sjávargangs

**Staðhættir**
Króartangi er fyrir innan Réttartanga og Skipatanga (ÖS-ÞS). Þar var uppsátur (ÖS-GS).
Tóftin er efst á vestanverðum Króartanga ogliggur rétt ofan við fjöruna.




**Lýsing**
Grjóttóft, útflött og fremur ógreinileg, gróin en þó sér í grjót. Norðausturveggur er mjög ógreinilegur. Ummál um það bil 4 x 5 m. Tóftin er opin til suðvesturs.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.
Örnefnaskrá Þverhamars, Þorsteinn Stefánsson skráði.

**Þverhamar 182076-184 - 57**
**Hlutverk:** Kálgarður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Já

**Staðhættir**
Á túnakorti 1919 eru kálgarðar tveir austanmegin við hús nr. 8. Eru garðarnir 1180 $m^2$ hvor um sig.
**Lýsing**
Kálgarðarnir fundust ekki við skráningu 2003.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 58**
**Hlutverk:** Kálgarður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Á túnakorti Þverhamars er sýndur kálgarður, 560 $m^2$.
**Lýsing**
Sést ekki lengur.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 59**
**Hlutverk:** Kálgarður
**Lega:** N: 64, 48, 8 (-648022) V: 14, 0, 16 (-140044)
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Lítil hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Á túnakorti Þverhamars eru sýndir kálgarðar ofan og neðan gamla bæjarins, 1180 $m^2$
Garðurinn er í túninu um 150 metra innan við bæinn.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 60**
**Hlutverk:** Kálgarður
**Lega:** N: 64, 48, 9 (-648025) V: 14, 0, 14 (-140039)
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Lítil hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Á túnakorti Þverhamars eru sýndir kálgarðar ofan og neðan gamla bæjarins, 1180 $m^2$
**Lýsing**
Engin merki eru lengur um þennan garð í túninu.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 61**
**Hlutverk:** Kálgarður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Alveg uppi í fjallinu, norðaustanmegin, eru samkvæmt túnakorti tveir kálgarðar.
**Lýsing**
Fundust ekki við skráningu 2003.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 62**
**Hlutverk:** Aftaka
**Tegund:** Heimild 465
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**

“Skammt innan við lækinn (Drangalæk), efst í Drangahrauni eru tveir heldur lítilfjörlegir drangar, nánast stórir steinar, sem lækurinn dregur eflaust nafn sitt af. Þar var talinn vera forn aftökustaður” (ÖS-GS).

**Lýsing**

Ekki skráð 2003.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.

**Þverhamar 182076-184 - 63**

**Sérheiti:** Selakofafjara

**Hlutverk:** Útgerð

**Tegund:** Heimild 465

Heimildamaður: Heimir Þór Gíslason fæddur og uppalinn á Selnesi

**Staðhættir**

“Selkofafjara; þar höfðu Selnesbændur selaútgerð sína” (ÖS-GS)

Fjaran mun réttu nafni kallast Selakofafjara . Hún er sunnan við kletta sem ganga í sjó fram austan megin á Selnesinu. Hrafnhildur Gísladóttir sem fædd er og uppalin á Selnesi man eftir kofaræfli efst í fjöruborðinu. Kofinn mun nú horfinn vegna ágangs sjávar.

**Lýsing**

Engar minjar fundust við skráningu 2003.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.

**Þverhamar 182076-184 - 64**

**Sérheiti:** Þórðarhvammur

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Heimild 465

**Heimildamaður:** Guðjón Sveinsson sem fæddur er og uppalinn á Þverhamri.

**Staðhættir**

Þórðarhvammur er við vík vestanvert við Selnesbugt suðvestan þorpsins. Þarna eru nú merki um malarnám en engar minjar eru þar sýnilegar.

“Talinn heita eftir einsetumanni sem bjó þar. Ekkert frekar er um hann vitað.“(ÖS-GS

**Lýsing**

Fannst ekki við skráningu 2003.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.

**Þverhamar 182076-184 - 65**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Lega:** N: 64, 48, 8 (-648022) V: 14, 0, 2 (-140006)

**Skekkja:** 2

**Ástand:** Gott

**Hættumat:** Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 100 m norðaustur frá núverandi bæjarstæði Þverhamars er tóft.
**Lýsing**
Ferhyrnd tóft, um 5 x 3 m að utanmáli. Dyr vísa til suðurs. Tóftin er vel gróin en sér í grjót í vegghleðslum.

**Þverhamar 182076-184 – 66**
**Sérheiti:** Setuborg
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild 465
**Heimildamaður:** Guðjón Sveinsson frá Þverhamri og Björn Björgvinsson frá Höskuldsstaðaseli

**Staðhættir**
Setuborg liggur um 30 m neðan við þjóðveg inn eftir dalnum til Egilsstaða um 80 m suðaustan einbýlishúss á Gljúfraborg.
Á túnakorti frá 1919 er sýnt tún afmarkað túngarði. Innan þessa túns eru sýndar fjórar byggingar. Þarna er nú þjóðvegur og ræktað tún að hluta en enn stendur eftir hluti af vesturhlið túngarðsins og ein tóft. Hluti túngarðs og aðrar tóftir sýndar á kortinu hafa horfið við jarðvinnslu og vegagerð. Tóftin er vestast í túni við túngarð.
**Aðrar upplýsingar**
Þessi tóft er líklega sú sama og 184-39.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 67**
**Sérheiti:** Setuborg
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild 465
**Horfin:** Horfið vegna vegagerðar og jarðræktar
**Heimildamaður:** Guðjón Sveinsson frá Þverhamri og Björn Björgvinsson frá Höskuldsstaðaseli

**Staðhættir**
Setuborg liggur um 30 m neðan við þjóðveg inn eftir dalnum til Egilsstaða um 80 m suðaustan einbýlishúss á Gljúfraborg.
Á túnakorti frá 1919 er sýnt tún afmarkað túngarði. Innan þessa túns eru sýndar fjórar byggingar. Þarna er nú þjóðvegur og ræktað tún að hluta en enn stendur eftir hluti af vesturhlið túngarðsins og ein tóft. Hluti túngarðs og aðrar tóftir sýndar á kortinu hafa horfið við jarðvinnslu og vegagerð.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 68**
**Sérheiti:** Setuborg
**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfið vegna vegagerðar og jarðræktar
**Heimildamaður:** Guðjón Sveinsson frá Þverhamri og Björn Björgvinsson frá Höskuldsstaðaseli

**Staðhættir**
Setuborg liggur um 30 m neðan við þjóðveg inn eftir dalnum til Egilsstaða um 80 m suðaustan einbýlishúss á Gljúfraborg.
Á túnakorti frá 1919 er sýnt tún afmarkað túngarði. Innan þessa túns eru sýndar fjórar byggingar. Þarna er nú þjóðvegur og ræktað tún að hluta en enn stendur eftir hluti af vesturhlið túngarðsins og ein tóft. Hluti túngarðs og aðrar tóftir sýndar á kortinu hafa horfið við jarðvinnslu og vegagerð.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar - 69**
**Sérheiti:** Setuborg
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Horfið vegna vegagerðar og jarðræktar
**Heimildamaður:** Guðjón Sveinsson frá Þverhamri og Björn Björgvinsson frá Höskuldsstaðaseli

**Staðhættir**
Setuborg liggur um 30 m neðan við þjóðveg inn eftir dalnum til Egilsstaða um 80 m suðaustan einbýlishúss á Gljúfraborg.
Á túnakorti frá 1919 er sýnt tún afmarkað túngarði. Innan þessa túns eru sýndar fjórar byggingar. Þarna er nú þjóðvegur og ræktað tún að hluta en enn stendur eftir hluti af vesturhlið túngarðsins og ein tóft. Hluti túngarðs og aðrar tóftir sýndar á kortinu hafa horfið við jarðvinnslu og vegagerð. **Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 70**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Heimildamaður:** Guðjón Sveinsson frá Þverhamri og Björn Björgvinsson frá Höskuldsstaðaseli

**Staðhættir**
Setuborg liggur um 30 m neðan við þjóðveg inn eftir dalnum til Egilsstaða um 80 m suðaustan einbýlishúss á Gljúfraborg.
Á túnakorti frá 1919 er sýnt tún afmarkað túngarði. Innan þessa túns eru sýndar fjórar byggingar. Þarna er nú þjóðvegur og ræktað tún að hluta en enn stendur eftir hluti af vesturhlið túngarðsins og ein tóft. Hluti túngarðs og aðrar tóftir sýndar á kortinu hafa horfið við jarðvinnslu og vegagerð.

**Aðrar upplýsingar**
Hluti af vesturhlið túngarðs er enn greinilegur, skráður sem 184-40.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 71**
**Sérheiti:** Moldarstekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild 465
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Ómetið
**Heimildamaður**: Guðjón Sveinsson

**Staðhættir**
Moldarstekkur var svo kallaður þar sem hann var gerður úr torfi en ekki grjóti, eins og oftast var um slík mannvirki (ÖS-GS).
**Lýsing**
Guðjón Sveinsson telur að Moldarstekkur sé sami og svokallaður Þorgrímsstekkur. Sá stekkur mun liggja í túni um miðja vegu milli Skaflavíkur og vegar neðan við veitingahúsið Kaffi Margréti. Tóftin mun enn vera vel greinileg. Fannst ekki við skráningu 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Þverhamars, Guðjón Sveinsson skráði: 1986.

**Þverhamar 182076-184 - 72**
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Leifar grjótgarðs í urð niður af Drangalækjargili. Talinn frá tíð Kristínar ríku og að skriðan sem féll 1783 liggi yfir hluta garðsins og túns. Grjótgarðar víðar, myllutótt, klakstöð, sáðgarða ummerki. Sumt vafalaust frá því upp úr aldamótum" (Sjm. bls. 293).
**Lýsing**
Fannst ekki við skráningu 2003.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri: 1976.

**Þverhamar 182076-184 - 73**
**Sérheiti:** Grjótstekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Ástand:** Ómetið
Heimildamaður: Guðjón Sveinsson sem fæddur er og uppalinn á Breiðdalsvík.

**Staðhættir**

Guðjón Sveinsson segir stekkinn vera í gilinu næst ofan og innan við veitingahúsið Kaffi Margréti. Grónar grjóthleðslur sem kallaðar munu vera grjótstekkur. Guðjón Sveinsson man eftir þessum hleðslum en þær voru ekki skráðar 2003.

**Heimildaskrá**

Þorsteinn Stefánsson, svör við spurningum um örnefnaskrá.

**Þverhamar 182076-184 - 74**
**Hlutverk:** leiðarmerki
**Tegund:** Heimild 465

**Staðhættir**

"Vogar, þar á er Þúfa sem er gamalt leiðarmerki fyrir smáskip (ÖS-ÞS). Örnefnið Vogar er nánast gleymt, þótt "[g]amla þúfan [sé] þó á sínum stað, en hefur ekkert hlutverk lengur"(ÖS-GS).

**Heimildaskrá**

Guðjón Sveinsson: Skrá yfir örnefni í Suður-Múlasýslu: Breiðdalshreppur: 1986.
Þorsteinn Stefánsson: Skrá yfir örnefni í Suður-Múlasýslu: Breiðdalshreppur.

**Þverhamar 182076-184 - 75**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 25 (-647903) V: 14, 0, 49 (-140136)
**Lengd:** 11 m
**Breidd:** 7 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar
**Heimildamaður:** Guðjón Sveinsson sem fæddur er og uppalinn á Þverhamri.




**Staðhættir**

Um 5 m neðan Sæbergsvegar, vestanvert í víkinni sem þorpið stendur við.

**Lýsing**

Fjárhústóft, um 11 x 7 m að utanmáli, snýr nálega norður-suður, dyr til suðurs. Grjót- og torfhlaðin, vel gróin en grjót enn greinilegt í hleðslum. Garði er eftir tóftinni miðri. Mesta vegghæð er 1,5 m, þykkt 1 m.

**Aðrar upplýsingar**

Guðjón Sveinsson segir þetta vera fjárhús Einars Björnssonar (f. 1880) frá því á fyrri hluta 20. aldar



*Horft yfir Breiðdalsvík. Í forgrunni fjárhústóft (184-75) en handan víkur var bæjarstæði Selnesbæjar. Ljósmynd: BZ*

**Þverhamar 182076-184 - 76**
**Sérheiti:** Selnes
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 23 (-647897) V: 14, 0, 15 (-140042)
**Horfin:** Horfinn

**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1919 má sjá þrjú tún, eitt við Selnesbæinn, um 0,85 hektara, annað vestan við það og jafnstórt. Það þriðja er svo úti á um 0,25 hektaraa. Í fasteignamati frá 1918 er tún sagt grýtt, votlent og ógrasgefið og liggja fyrir sandfoki. Á túnakortinu má einnig greina bæjarhúsið. Það mun hafa verið tvílyft timburhús með kjallara, allt járnvarið, 7,56 x 6,3 m stórt og geymsla úr sama efni um 16 $m^2$ (Sjm: 294).
**Lýsing**
Þar sem bærinn stóð áður stendur nú skemma.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri, 1976.

**Þverhamar 182076-184 - 77**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfið

Heimildamaður: Heimir Þór Gíslason

**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti 1919 var útihús u.þ.b 70 m suður af Selnesbænum.
**Lýsing**
Heimir Þór Gíslason segir þetta hafa verið fjós. Húsið er nú horfið..
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 78**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 24 (-647900) V: 14, 0, 10 (-140028)
**Lengd:** 5
**Breidd:** 4
**Ástand:** Slæmt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Tóftin er í bæjarlandi Breiðdalsvíkur
**Heimildamaður:** Heimir Þór Gíslason fæddur og uppalinn á Selnesi.




**Staðhættir**
Á túnakortinu frá 1919 má sjá útihús í túninu sem er fjær Selnesbænum. Húsið er austanmegin við kálgarð og stendur syðst á Klapparholti, um 60 m norðaustan bæjarstæðisins.
**Lýsing**
Ógreinileg ferhyrnd tóft, um 5 x 4 m að utanmáli. Snýr na-sv. Syðri skammveggur er greinilegastur, aðrir veggir illa farnir.
**Aðrar upplýsingar**
Guðjón Sveinsson segir þetta hafa verið fjós en Heimir Þór segir að í sínu minni hafi húsið verið notað undir garnaveikt sauðfé.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 79**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfið

**Staðhættir**
Á túnakortinu frá 1919 má sjá útihús austast á Selnesi.
**Lýsing**
Þarna er nú tún og tóftin er horfin.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.




**Þverhamar 182076-184 - 80**
**Sérheiti:** Lambhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 28 (-647911) V: 13, 59, 57 (-139994)
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar
**Heimildamaður:** Heimir Þór Gíslason fæddur og uppalinn á Selnesi.

**Staðhættir**
Tóftin er upp við klett um 40 m vestan sjávar og um 500 m na af Selnesbæ.
**Lýsing**
Grjóttóft, hlaðin austan undir klett sem gegnir hlutverki vestur skammveggjar. Um 8 x 6 m að utanmáli, snýr nálega austur-vestur og dyr hafa verið til austurs. Garði fyrir miðri tóft. Tóftin stendur vel, er vel gróin en sér í grjót í hleðslum.
**Aðrar upplýsingar**
Heimir Þór Gíslason segir að húsið hafi nefnst Lambhús og man síðast eftir því í notkun um 1940.

**Þverhamar 182076-184 - 81**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Mannvirki
**Lega:** N: 64, 47, 33 (-647925) V: 14, 0, 13 (-140036)
**Ástand:** Slæmt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Á túnakorti eru sýndir tveir kálgarðar austan við Selnesbæ.
**Lýsing**
Vestari garðurinn af tveimur sem sýndur er á túnakorti. Um 30 m austan við þann stað þar sem Selnesbær stóð. Um 25 m langt, ógreinilegt garðlag myndar eystri hlið ferhyrnds matjurtagarðs.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 82**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Mannvirki
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfinn

**Staðhættir**
Á túnakorti eru sýndir tveir kálgarðar austan við Selnesbæ.
**Lýsing**

Eystri garðurinn af tveimur sem sýndur er á túnakorti. Engin merki eru nú um þennan garð.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu: Þverhamar.

**Þverhamar 182076-184 - 83**
**Sérheiti:** Timburgatnaskarð
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Örnefni
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Flutningar milli Stöðvarfjarðar og Breiðdals fóru áður fram um Timburgatnaskarð, og mun nafnið af því dregið að um það hafi verið flutt timbur" (ÞS)
**Heimildaskrá**
Þorsteinn Stefánsson, svör við spurningum um örnefnaskrá.

**Þverhamar 182076-184 - 84**
**Hlutverk:** Klakstöð
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
Heimildamaður: Guðjón Sveinsson sem fæddur er og uppalinn á Þverhamri.

**Staðhættir**
"Leifar grjótgarðs í urð niður af Drangalækjargili. Talinn frá tíð Kristínar ríku og að skriðan sem féll 1783 liggi yfir hluta garðsins og túns. Grjótgarðar víðar, myllutótt, klakstöð, sáðgarða ummerki. Sumt vafalaust frá því upp úr aldamótum" (Sjm. bls. 293).
**Lýsing**
Guðjón Sveinsson man eftir hleðslum af aflangri rétthyrndri tóft sem lækur rann í gegn um. Fannst ekki við skráningu 2003.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri: 1976.

**Heydalir - 158960-185**



*Séð til Heydala frá Stekkjartóft við Sauðabalalæk (185-22). Ljósmynd GZ*

## Saga

Heydalir er upprunalegt nafn staðarins, en svo var bærinn nefndur bæði í Landnámu og í Njálu. Landnáma segir: "Herjólfr, bróðir Brynjólfs, nam Heydalalönd fyrir neðan Tinnudalsá ok út til Ormsár".[16] Nú eiga Heydalir ekki land svo utarlega, því að nokkrar hjáleigur hafa byggst úr jörðinni. Tvær hjáleigur eru taldar sjálfstæðar jarðir á 19. öld í Jarðatali Johnsens, Fell og Ormsstaðir. Þær fylgja því ekki með fornleifaskrá Heydala. Önnur afbýli í landareign Heydala voru Árnastaðir, Þýfiskot, Staðarborg og Skörð. Árnastaðir, Þýfiskot og Staðarborg eru nefnd í manntali 1703 en þá er einungis búið á einu þessara afbýla. Skörð eru ekki nefnd í manntalinu en 1816 eru öll býlin í eyði.[17]

Í Íslendingasögum er Heydala einungis getið í Njálu í sambandi við för Flosa um Austfjörðu. Þá bjó í Heydölum Hallbjörn sterki, óþekktur maður úr öðrum heimildum: "Þaðan fóru þeir austr til Breiðdals í Heydali; þar bjó Hallbjorn inn sterki...".[18]

---

[16] Íslensk fornrit, Landnámabók, bls. 308.
[17] Sveitir og jarðir III, bls. 305.
[18] Íslensk fornrit, XII, bls. 349.

Heydala er einnig getið í fornbréfum og máldögum allt fram á 16. öld. Nafnmyndin Eydalir kemur ekki fyrir í frumbréfum fyrr en á síðari helmingi 16. aldar, en verður síðar algeng.[19] Eldri örnefnaskrár nefna Eydali en nú hefur Heydalamyndin aftur nokkuð rutt sér til rúms.

Kirkjan í Heydölum var helguð heilögum Stefáni í kaþólskum sið. “Samkvæmt elsta máldaga kirkjunnar frá 1367 á Heydalakirkja þá auk heimalands milli Tinnu og Ormsár (nú Ormsstaðaá) Breiðdalseyjarnar út frá Ósi og Streitislandi, selför í Norðurárdal, skóg hjá Skriðuvatni í Skriðdal og víðar, Brekku (nú Brekkuborg) hálfa, Streiti, Vafrastaði, drjúgan skerf reka fyrir Breiðdalslöndum og auk þess tíundir, lýsitolla og bónhúsfé (bænhúsfé)”.[20] Í Jarðatali J. Johnsens 1847 á Heydalakirkja Hvamm á Völlum, Ormsstaði, Skriðu, Randversstaði, Brekkuborg, Ós, Streiti og Núp).[21]

**Náttúrufar og jarðabætur**

Heydalir standa á sléttu suður undan svokölluðu Felli. Aurar, kallaðir Heydalaaurar, liggja að túninu að utan og ofan meðfram vegi og framan við staðinn alla leið suður að Breiðdalsá.

Heydalatúnið gamla var allstórt, þýft og grasgefið, það náði inn að Tröðunum, heimreið staðarins. Á túninu er svokallaður Eldhúsbali norður af Kirkjugarðinum og stendur núverandi íbúðarhús (byggt um 1950) innst á Eldhúsbala. Utan við Traðirnar var kallað Úttún sem skiptist í Efra- og Neðratún um troðninga, sem lágu heim að staðnum. Á Efratúni var Fellsteigur, sem var sleginn frá hjáleigunni Felli, sömuleiðis skyldi greiða kind í leigu. Inn af Neðratúni og inn undir Kirkjuhól var kallað Lambhústún. Niður undan því og neðan við Neðratún var dálítið mýrlendi, svokölluð Fit eða Lambhúsfit. Þar var áður tekinn mór, þó ekki eftir 1947. Þetta land er nú framræst og komið tún á lækjarbakkanum utan við. Neðan við er einnig nýrækt og nær hún niður að læknum, sem fellur úr Andadal.[22]

**Landamerki**

“Í landamerkjabók Suður-Múlasýslu segir svo um landamerki Heydala 1884: Stefánskirkja á Eydölum á lönd öll innan eftirfylgjandi ummerkja: frá Ormsá, sem nú kallast Brunnalækur, að utanverðu og ræður hún neðan frá sammótum sínum við Kattmúsará og allt upp í mynni þess gils, er hún kemur úr, sem kallast Brunnlæksgil og ræður það upp til fjallseggjar. Þaðan liggur línan fram fjallseggjarnar, sem vötnum hallar, allt fram til tveggja hárra klettadranga, er gnæfa við höft og kallast Njáll og Bera. Neðan undir þeim sprettur Tinnudalsáin upp og ræður hún síðan löndum milli Eydala og Gilsár niður Tinnudalinn og allt þangað til hún fellur í Norðurdalsá. Frá sammætum sínum við hana ræður Tinnudalsáin löndum milli Eydalá og bændaeignarinnar Ytrikleifar og Kleifarstekks, unz hún kemur saman við Breiðdalsá skammt fyrir innan gljúfrið. Úr því ræður Breiðdalsáin sem landamerki milli Eydala og bændaeignanna Fagradals, Skjöldólfsstaða og Eyja, uns hún fellur út í Leiruna sunnan megin Lambeyjar og Lambeyjarhólma og síðan út í ósinn. Að neðanverðu á kirkjan Lambey alla og Lambeyjarhólmana og svo þaðan í sjó út, síðan Meleyrin féll

---

[19]Ísl. fornrit I, II:308
[20] Sveitir og jarðir III, bls. 304
[21] Breiðdæla, bls. 51.
[22]Örnefnaskrá Heydala, bls. 10.

kirkjunni til sem eign, hvað rekann snertir, með landsyfirréttardómi frá 21. feb. 1848”.[23]

“Landamerki milli gömlu Fellstorfunnar og Heydala voru úr Gunnarsskarði um Hjónagöng í Langhömrum í ytri enda Djáknagilsáss, þaðan í Guðrúnarhraun, þar sem það ber hæst, og þaðan í Ytra-Smárabrekkuhorn.

“Kirkjan á skógarhögg í Gilsárlandi milli Jörundarvörðu og Tinnudalsár, sjónhending úr vörðunni upp fjall og niður í Norðurdalsá í Beinahraunsvörðu. Sömuleiðis á kirkjan skóg hjá Skriðuvatni, sem lengi hefur , en er nú eyðilagður, og annan teig, er liggur fyrir ofan Fjarðarskóg, nú eyðilagður. Kirkjan á allar Breiðdalseyjar hinar ytri og innri ásamt svonefndum Óseyjum”.[24]

**Heimildaskrá**


Breiðdæla, Drög til sögu Breiðdals, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út, RVK, Íslenskt fornbréfasafn IV 1265-1449. Kph., 1997.
Íslensk fornrit, XII. Brennu Njálssaga.
J.Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kph., 1847.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri: 1976.
1948.
Örnefnaskrá Heydala, skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.


[23] Örnefnaskrá Heydala, bls. 1-2
[24] Örnefnaskrá Heydala, bls. 2

**Fornleifaskrá**

**Heydalir 158960 185 - 1**
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 52 (-647978) V: 14, 7, 55 (-141319)
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin



**Gamli Heydalabærinn – uppdráttur úr Breiðdælu bls. 32-3**
***1. Stétt, 2. Bæjardyr, 3 Stofa, 4. Frúarhús, 5. Dúnkofi, 6. Göng, 7. Þinghús, 8. Piltahús, 9. Eldhús, 10. Búr, 11. Skemma, 12. Eldhúsbali (glímuvöllur), 13. Smiðja, 14. Hesthús, 15. Hestarétt, 16. Traðir, 17. Vindmylla, 18. Túngarður, 19. Heygarður, 20. Fjós, 21 Kirkjugarður, 22. Kirkja.***

## Staðhættir

Á túnakorti frá 1919 sést Heydalabærinn, rétt ofan við kirkjugarðinn. Eldhúsbali var utan við Millitúnið og náði niður undir veginn, sem nú liggur út að kirkjunni. Íbúðarhúsið stendur nú innst og efst á Eldhúsbalanum. Ekki er vitað um eldhús þar, en rétt utan og ofan við húsið voru einu sinni grafnar gulrófur í jörð til geymslu um

vetur. Var þá komið niður á hleðslu og dúnrusl. Núverandi íbúðarhús (byggt 1950) stendur innst og efst á Eldhúsbalanum. Samkvæmt fasteignamati 1918 var íbúðarhúsið 8,82 x 7,56 m, tvílyft með kjallara. Neðan við Kirkjuhól er túnræma. Inn af henni er Þinghúshóll. Þar eru veggjahleðslur. Þinghús voru þarna til 1906, en þá voru Breiðdalshreppur og Stöðvarhreppur aðskildir. Þinghúsið var þá rifið og byggð úr því stofa heima á bænum. Öskuhaugur, sem enn sést mótað fyrir var við ytra og efra horn gamla kirkjugarðsins. (ÖH).

**Lýsing**

Búið er að slétta tún í kringum kirkjugarðinn þannig að engin merki eru um bæjarhólinn aðrar en mishæðir í túni norðan við núverandi kirkjugarðsvegg. Nýja kirkjan er um 10-15 m norðar en eldri kirkjur og hefur kirkjugarðsveggurinn einnig verið færður út til norðurs og austurs. Norðurhlið kirkjugarsveggjar er nú nálega þar sem gamla bæjarstæðið var.

**Heimildaskrá**

Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.
Örnefnaskrá Heydala, skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Fasteignamat 1918.

**Heydalir 158960 185 - 2**
**Hlutverk:** Kirkja
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 51 (-647975) V: 14, 7, 57 (-141325)
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1919 er kirkjan í Heydölum neðan við bæinn. Kirkjuhóll nær niður af lægðinni ofan við Þinghúshól. Á honum er kirkja og kirkjugarður. Hóllinn er ekki greinilega afmarkaður sem hóll (ÖH). Samkvæmt fasteignamati 1918 var kirkjan þá fornt timburhús með turni, máluð innan, járnklædd utan á síðari árum. Stærð 12,56x6,28x2,5m.

**Lýsing**

Núverandi kirkja stendur um 15 m norðar en kirkjan stóð áður.

**Heimildaskrá**

Anna Þorsteinsdóttir og Kristinn Hóseasson: Skrá yfir Örnefni í Heydölum: Breiðdalshreppi í S-Múlasýslu.1991.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri: 1976.
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.
Fasteignamat 1918.

**Heydalir 158960 185 - 3**
**Hlutverk:** Skemma
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 52 (-647978) V: 14, 7, 55 (-141319)
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin þegar tún var sléttað

**Staðhættir**

Á túnakortinu frá 1919 má sjá skemmu um 5 m vestan við bæinn. Þessi skemma er númer 11 á grunnmynd af gamla Heydalabænum sem finna má í Breiðdælu (Bd, bls. 32-33).

**Lýsing**

Þarna er nú sléttað tún. Stóð uppi en var mjög illa farin í tíð Guðjóns Sveinssonar.

**Heimildaskrá**

Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.
Breiðdæla, Drög til sögu Breiðdals, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út, RVK, 1948.

**Heydalir 158960 185 - 4**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 52 (-647978) V: 14, 7, 55 (-141319)
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin vegna sléttunar túns
**Heimildamaður:** Guðjón Sveinsson frá Þverhamri var í vinnumennsku í Heydölum.

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1919 má sjá fjós um 10 m austan við Heydalabæinn. Fjósið er númer 20 á grunnteikningu af Heydalabæ (Bd,bls. 32-33).

**Lýsing**

Þarna er nú sléttað tún og engin merki um tóftir. Á grunnteikningu Heydalabæjar sem finna má í Breiðdælu (bls. 32-33) er sýndur hlaðinn heygarður áfastur við norðurvegg fjóssins.

**Aðrar upplýsingar**

Guðjón Sveinsson man eftir tóft þarna.

**Heimildaskrá**

Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.
Breiðdæla, Drög til sögu Breiðdals, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út, RVK, 1948.

**Heydalir 158960 185 - 5**
**Sérheiti:** Hestarétt
**Hlutverk:** Hestarétt
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 52 (-647978) V: 14, 7, 56 (-141322)
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin

**Staðhættir**

Hestaréttin er á túnakorti frá 1919 norðan við Heydalabæinn, alveg upp við veginn (traðirnar). Númer 15 á grunnteikningu af gamla Heydalabænum (Bd, bls. 32-33).

**Lýsing**

Þarna er nú sléttað tún og ekki sjást neinar tóftir.

**Heimildaskrá**

Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.

Breiðdæla, Drög til sögu Breiðdals, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út, RVK, 1948.

**Heydalir 158960 185 - 6**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 52 (-647978) V: 14, 7, 56 (-141322)
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin

**Staðhættir**
Á túnakortinu frá 1919 má sjá hesthús, neðan við hestaréttina og alveg upp við traðirnar. Er númer 14 á grunnteikningu af gamla Heydalabænum sem er í Breiðdælu (bls. 32-33).
**Lýsing**
Á balanum ofan við núverandi prestsbústað eru mishæðir sem benda til mannvirkja en búið er að slétta úr túnum þannig að veggjalög sjást tæplega. Á túnakorti eru sýnd þrjú útihús ofan við svokallaðan Eldhúsbala sem núverandi prestsbústaður stendur á. Í örnefnalýsingu Heydala er getið um að þar hafi komið upp einhverjar hleðslur þegar grafið var rétt utan og ofan við húsið (ÖH).
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Breiðdæla, Drög til sögu Breiðdals, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út, RVK, 1948.

**Heydalir 158960 185 - 7**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 52 (-647978) V: 14, 7, 56 (-141322)
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin

**Staðhættir**
Við hliðina á hesthúsinu er útihús á túnakorti Heydalabæjar.
**Lýsing**
Á balanum ofan við núverandi prestsbústað eru mishæðir sem benda til mannvirkja en búið er að slétta úr túnum þannig að veggjalög sjást tæplega. Á túnakorti eru sýnd þrjú útihús ofan við svokallaðan Eldhúsbala sem núverandi prestsbústaður stendur á. Í örnefnalýsingu Heydala er getið um að þar hafi komið upp einhverjar hleðslur þegar grafið var rétt utan og ofan við húsið (ÖH).
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 8**
**Hlutverk:** Smiðja

**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 52 (-647978) V: 14, 7, 56 (-141322)
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin

**Staðhættir**
Neðan við hesthúsið, hinu megin við traðirnar er smiðja. Númer 13 á grunnteikningu Heydalabæjar í Breiðdælu, bls. 32-33.
**Lýsing**
Á balanum ofan við núverandi prestsbústað eru mishæðir sem benda til mannvirkja en búið er að slétta úr túnum þannig að veggjalög sjást tæplega. Á túnakorti eru sýnd þrjú útihús ofan við svokallaðan Eldhúsbala sem núverandi prestsbústaður stendur á. Í örnefnalýsingu Heydala er getið um að þar hafi komið upp einhverjar hleðslur þegar grafið var rétt utan og ofan við húsið (ÖH).
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 9**
**Sérheiti:** Kálfagerði
**Hlutverk:** Gerði
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 53 (-647981) V: 14, 7, 57 (-141325)
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin

**Staðhættir**
Norðan við Heydalabæinn er stórt gripahús (Túnakort 1919). Beint upp af Eldhúsbalanum var nýrækt, sem sagt var, að Einar Vigfússon hefði girt, haft þar kálfa og kallað Kálfagerði. Nafnið hefur haldist. Þar standa nú gripahúsin, fast ofan við Eldhúsbalann (ÖH).
**Lýsing**
Þarna er nú sléttað tún og uppistandandi útihús.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.

**Heydalir 158960 185 - 10**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfinn

**Staðhættir**
Á túnakorti er sýndur sáðgarður um 100 m suðvestur af kirkjunni. Engin merki garðsins fundust við skráningu 2003.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.

**Heydalir 158960 185 - 11**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin

**Staðhættir**
Um 100 m norð-austan við gamla bæjarstæðið og kirkjugarðinn er á túnakorti sýnt útihús. Þarna er nú sléttað tún og engin merki um húsið.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.

**Heydalir 158960 185 - 12**
**Sérheiti:** Stöðulbarð
**Hlutverk:** Stöðull
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 39 (-647942) V: 14, 7, 53 (-141314)
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin

**Staðhættir**
“Ofan við Kálfagerði er Stöðulbarð, þar sem gamla ungmennafélagshúsið stóð (1912-47). Á Stöðulbarði voru kýr mjólkaðar á stöðli. Það eru h.u.b. 40-50 m frá bæ. Þarna voru gamlar grónar kofarústir á háhæðinni rétt ofan við samkomuhúsið" (ÖH).
Á túnakorti er útihús efst norðaustast í túni við lítinn skurð.
**Lýsing**
Nær því að vera 100 m norðaustur af bæjarstæðinu á vesturbrún lægðar, svokallaðs Grófardals, norðaustan við tún í Heydölum. Þarna er sléttað tún og tóftir sjást ekki. Þarna er nú engar minjar.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 13**
**Sérheiti:** Lambhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 49 (-647969) V: 14, 7, 42 (-141283)
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin

**Staðhættir**
“Yzt á Neðratúni, út við Sauðabalalæk, voru fjárhús, kölluð Lambhús, tvístæðuhús með hlöðu. Umhverfis þau var þýfi”. (ÖH).
Um 130 m austur frá kirkjunni og um 20 m nv við enda skurðar út við Sauðabanalæk.
**Lýsing**
Dæld í túninu um 15 m löng. Ekkert veggjalag er greinilegt en þarna er nú sléttað tún. Hefur snúið nv-sa.

**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 14**
**Hlutverk:** Traðir/túngarður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin

**Staðhættir**
Á Túnakorti frá 1919 má sjá traðir sem liggja meðfram hestaréttinni, að Heydalabænum. Er númer 16 á grunnteikningu Heydalabæjar. Túngarður, númer 18 á teikningu, er sýndur við traðirnar og út frá þeim til austurs og vestur (Bd,bls. 32-33). Gamla túnið náði inn að Tröðunum. Traðirnar voru heimreið til staðarins. Þær voru með nokkuð háum veggjum. Vegurinn heim til staðarins liggur nú af þjóðveginum við Andadal, út með honum og yfir Gíslagróf (ÖH).
**Lýsing**
Traðirnar lágu til norðurs upp frá bæjarstæðinu. Ekkert sést eftir af þeim þar sem tún hafa verið sléttuð.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Heydalir.
Breiðdæla, Drög til sögu Breiðdals, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út, RVK, 1948.
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 15**
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 39 (-647942) V: 14, 7, 53 (-141314)
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin

**Staðhættir**
“Ofan við Kálfagerði er Stöðulbarð, þar sem gamla ungmennafélagshúsið stóð (1912-47). Á Stöðulbarði voru kýr mjólkaðar á stöðli. Það er h.u.b. 40-50 metra frá bæ. Þarna voru gamlar grónar kofarústir á háhæðinni rétt innan og ofan við samkomu-húsið” (ÖH).
**Lýsing**
Nær því að vera 100 m norðaustur af bæjarstæðinu á vesturbrún lægðar, svokallaðs Grófardals, norðaustan við tún í Heydölum. Þarna er sléttað tún og tóftir sjást ekki. Þarna er nú engar minjar.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 16**
**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Brunnur

**Lega:** N: 64, 47, 52 (-647978) V: 14, 7, 51 (-141308)
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
“Innst á Efratúni, utan undir efsta hluta Kirkjuhóls, var brunnur. Hann þornaði skyndilega í stórrigningu á síðari hluta 19. aldar og dý í Millitúninu þornaði einnig um sama leyti. Enn sést móta fyrir brunnhleðslunni. Ofan við brunninn var áður grófgert þýfí” (ÖH).
Um 20 m austur frá na horni kirkjugarðs sést móta fyrir hringlaga brunnhleðslu um 0,5 x 0,5 m að innanmáli. Stendur uppi á smá hólkolli en er mjög jarðsokkinn.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 17**
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Gata
**Lega:** N: 64, 47, 51 (-647975) V: 14, 7, 48 (-141300)
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Gamli kirkjuvegurinn lá yfir Heydalaholtið. Þar eru götur og sést móta fyrir þeim heim undir Kirkjuhól.
Kirkjugöturnar að sunnan lágu í Andadal neðarlega og upp rétt fyrir innan túnið að Tröðum.
**Lýsing**
Djúpar götur liggja norðaustur eftir túninu, u.þ.b. 20 m frá miðjum austurvegg kirkjugarðsins og að Sauðabanalæk sem rennur utan (austan) túns. Einnig sést móta fyrir götum til austurs yfir holtið hinumegin lækjarins.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 18**
**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin

**Staðhættir**
“Neðst í Innrigróf, í áttina að Staðarborg er deigja var áður lítil mýri. Þar var einu sinni brunnur. Þaðan var tekin fyrsta vatnsleiðslan í bæinn.” (ÖH)
**Lýsing**
Fannst ekki við skráningu.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 19**
**Sérheiti:** Andadalur
**Hlutverk:** Sögn
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 47, 46 (-647961) V: 14, 7, 60 (-141333)
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Suðvestan við Heydalabæ er Andadalur, löng dæld, grasi vaxin. Þar voru oft fuglar, einkum endur, en eftir að minkurinn kom, hafa þeir horfið. Þarna segir að menn þykist hafa heyrt útburðarvæl" (ÖH).
**Lýsing**
Andadalur er lægð sem liggur í sv-na sunnan túns í Heydölum. Í gegnum lægðina rennur svokallaður Andadalslækur.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 20**




**Hlutverk:** Sundlaug
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 47, 46 (-647961) V: 14, 8, 0 (-141336)
**Ástand:** Slæmt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vatnsrof
**Heimildamaður:** Guðjón Sveinsson frá Þverhamri sem var í vinnumennsku í Heydölum.

**Staðhættir**
"Neðan við [Lambhústún] er einnig nýrækt, og nær hún niður að læknum, sem fellur úr Andadal. Þar sést móta fyrir þykkum torfgarði. Gegnt honum, neðan við Andadalslækinn, var einnig garðstúfur, sem lækurinn hefur nú brotið upp. Jóhanna Sigurðardóttir frá Ósi sagði Önnu [Þorsteinsdóttur], að hún hefði heyrt, að Heydalabræður, sr. Snorri og bræður hans, sem ólust upp í Heydölum, hafi haft sundlaug neðan við túnið" (ÖH).
Um 100 m sunnan kirkjunnar, rétt ofan við þar sem Sauðabanalækur mætir Andadalslæk í mynni Andadals.
**Lýsing**
Um 5 m langur hlaðinn garður af austurbakka Andadalslækjar, liggur na-sv. Garðbrotið er um 1 m á hæð og um 70 cm á þykkt. Á vesturbakka lækjarins má sjá framhald þessa garðs, ógreinilegra garðbrot. Lækurinn hefur rofið garðinn í tvennt.
**Aðrar upplýsingar**
Guðjón Sveinsson segir þetta vera sundlaug þá er Anna Þorsteinsdóttir getur um í örnefnaskrá.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
**Heydalir 158960 185 - 21**
**Sérheiti:** Þinghúshóll

**Hlutverk:** Þinghús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 47 (-647964) V: 14, 8, 00 (-141333)
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Lítil hætta

**Staðhættir**

"Rétt innan við Fitina, utan undir Kirkjuhól, er gamall skurður, sem fellur í nýrri skurð neðan við Fitina. Inn af gamla skurðinum neðst, ofan við nýrri skurðinn, neðan við Kirkjuhól, er túnræma. Inn af henni er Þinghúshóll, nokkur hóll. Þar eru veggjahleðslur. Þinghús var þarna til 1906, en þá voru Breiðdalshreppur og Stöðvarhreppur aðskildir. Þinghúsið var þá rifið og byggð upp úr því stofa heima á bænum. Milli Þinghúshóls og Kirkjuhóls er mjó lág" (ÖH).
Tóftin er á hóli um 100 m suður frá kirkjunni.




**Lýsing**

Aflöng tóft, snýr na-sv, 18 m á lengd og 5 m á breidd að utanmáli. Í n enda tóftarinnar er lítil gryfja, ca 2 x 1,5 m að innanmáli. Tóftin er þrískipt, veggir óverulegir.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 22**




**Sérheiti:** Stekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Lega:** N: 64, 47, 37 (-647936) V: 14, 7, 57 (-141325)
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vatnsrof

**Staðhættir**

"Innan við Sauðabanalæk (Bæjarlæk) er Stekkjarmýri utan undir Aurunum, þar sem flugvöllurinn var, og neðan við Andadal. Utan og ofan við lækinn þar sem hann rennur í bug fyrir Holtið er Stekkur. Þar eru tættur og nokkur hleðsla, sem lækurinn er að brjóta upp. Anna [Þorsteinsdóttir] telur, að þar kunni að hafa verið býli" (ÖH).
Stekkurinn liggur um 250 m neðan (suðaustan) kirkjunnar, á austurbakka Bæjarlækjarins/Sauðabalalækljar. Hann er í þurrum þýfismóum suðvestan undir melholti, svokölluðu Heydalaholti, sem liggur austan lækjarins.

**Lýsing**

Sú tóft, sem fyrst er komið að, þegar gengið er niður eftir læknum austanvert, er lítil og tvískipt um 7 x 6 m að utanmáli. Hólfin í tóftinni eru jafnstór, um 2,5 x 2 m að

innanmáli. Dyr á báðum krónum vísa til suðurs í stærra gripheldi. Það er aflangt, snýr nálega nv-sa, um 12 m langt og 7 m breitt að innanmáli. Við sa enda gripheldisins er smærri tóft sem snýr vnv-asa. Hún er um 3 x 2 m að innanmáli. Stekkurinn er á nokkurri upphækkun sem bendir til endurbygginga. Veggjahæð mest um 50 cm, þykkt 1 m. Lækurinn er að grafa sig inn í vesturhluta tóftarinnar og er hluti hennar farinn í lækinn. Í sniðinu sem lækurinn hefur rofið úr tóftinni má sjá um 70 cm þykkt torflag og eru í því kolaflekkir. Bendir það til að einhvern tímann hafi búseta verið til lengri eða skemmri tíma á staðnum. Tóftirnar eru orðnar nokkuð jarðsokknar og þýfðar.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 23**
**Hlutverk:** Heyskapur
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 36 (-647933) V: 14, 7, 57 (-141325)
**Lengd:** 5 m
**Breidd:** 3 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vatnsrof

**Staðhættir**

Tóftin liggur um 280 m neðan (suðaustan) kirkjunnar, á austurbakka Bæjarlækjarins. Í þurrum þýfismóum suðvestan undir melholti (Heydalaholti) sem liggur austan lækjarins og um 30 m sunnan við stekkinn austan Bæjarlækjar/Sauðabalalækjar (185-25).

**Lýsing**

Ferköntuð smátóft um 5 x 3 m að utanmáli og snýr nv-sa. Óverulegir veggir um 30 cm breiðir og um 30 cm háir. Engar dyr sýnilegar. Tóftin er á nokkurri upphækkun í móunum.

**Heydalir 158960 185 - 24**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 47 V: 14, 7, 57
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Tóft stendur fremst og uppi á mosagrónu melholti (Heydalaholts) um 60 m austan Stekkjarins (185-25), um 300 m suðaustur af Heydalabæ.

**Lýsing**

Tvískipt tóft, nokkuð ógreinileg. Ofan (norðaustan) er smærra hólf, um 1 x 3 m að innanmáli, en áfast sunnan við er stærra hólf, líklega gripheldi. Veggir eru mjög útflattir og ógreinilegir og er mesta veggjahæð um 30 cm. Kann að hafa verið stekkur.

**Heydalir 158960 185 - 25**
**Hlutverk:** Fjárrétt

**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 48, 9 (-648025) V: 14, 7, 51 (-141308)
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**




"Hermannsmýri er utan við Þrívörður og nær út undir Lögrétt, sem er gömul fjárrétt. Þar var alltaf réttað af bæjunum Þverhamri, Ormsstöðum, Felli og Heydölum. Upp af réttinni er Lögréttukrókur. Það er klettaskora, sem myndast neðst í Innri-Djáknagilsás, innan við Staðarborg og ofan við veginn" (ÖH).
"Fjárréttarstaður frá Eydölum, neðst í Fellinu uppaf Eydölum". (ÖEy).
Í klettaskorningi beint upp (norður) af kirkjunni. Um 300 m ofan Heydala en um 100 m vestur af Staðarborg. Ofan þjóðvegar inn Breiðdal.
**Lýsing**
Klettaskorningurinn snýr ssa-nnv. Hlaðið hefur verið grjóti við báða enda skorningsins og þannig mynduð rétt sem er um 50 m löng og um 25 m breið þar sem hún er breiðust að sunnan en um 10 m að breidd norðantil. Skorningurinn mjókkar til norðurs og er réttin um 20 m breið sunnan til en 10 m breið norðan til.Upp við klettaveggin austan til, syðst í réttinni, er ferhyrndur dilkur um 10 x 15 m, dyr hafa verið á sv horni hans. Réttinni hefur verið skipt niður með grjóthleðslum en einföld grjóthleðsla liggur þvert yfir réttina út frá nv horni dilksins og einnig er önnur grjóthleðsla um 3 m sunnan við, þar sem hleðsla lokar réttinni til norðurs.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.

**Heydalir 158960 185 - 26**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Mannvirki
**Lega:** N: 64, 47, 50 (-647972) V: 14, 7, 11 (-141197)
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
Um 30 m vestan við Þverhamarsskjólslæk um 250 m suðaustan við hótelið á Staðar-borg.
**Lýsing**
Einhvers konar ferkantaður niðurgröftur, liggur sv-na, inn í melinn vestan Þverhamarsskjólslækjar. Um 5 x 2,5 m að innanmáli. Hlutverk óþekkt en er ekki mógröf.
**Heydalir 158960 185 - 27**
**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 50 (-647972) V: 14, 7, 4
(-141178)
**Ástand:** Slæmt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógræktar

**Staðhættir**
Um 200 m sa af Staðarborg um 25 m austan við Þverhamarsskjólslæk. Liggur norðan í smá melhrygg sem liggur a-v fram að læknum.
**Lýsing**
Lítil ógreinileg tóft um 1 x 1,5 m að innanmáli. Liggur upp við melhrygginn þannig að hann myndar suðurvegg tóftarinnar. Engar dyr eru sjáanlegar á tóftinni. Um 10 m vestan hennar liggur óljóst garðlag um 3 m langt til norðurs frá melhryggnum vestan til. Kunna að vera leifar lítils stekkjar, annars eru veggjalög öll svo ógreinileg að erfitt er að átta sig á útliti tóftarinnar.




**Heydalir 158960 185 - 28**
**Sérheiti:** Tyrkjalág/gróf
**Hlutverk:** Sögn
**Tegund:** Mannvirki
**Lega:** N: 64, 47, 47 (-647967) V: 14, 7, 57 (-141331)
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Utan og neðan (sunnan) í Kirkjuhólnum var Tyrkjalág eða -gróf inn í brekku. Nú sést aðeins örla fyrir henni"(ÖH).
tyrkjalág liggur neðarlega syðst í Kirkjuhól, um 100 m sunnan kirkjunnar.
**Lýsing**
Tyrkjalágin er lítið hálfbogið skot inn í hólinn um 5 m að breidd og 50 cm djúpt.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri: 1976.
**Munnmæli**
"Oddný Pétursdóttir (f. 3. nóv. 1912 í Heydölum og var þar til 1931-32) kannast við Tyrkjagróf. Hún sagði, að það hefði verið sporöskjulöguð gróin gróf. Hafði hún heyrt þá sögn, að þegar Tyrkir komu í Breiðdal (1627), komu þeir sunnan að túninu í Eydölum (Heydölum). Allt fólk hafði þá farið í kirkjuna og baðst þar fyrir. Þegar Tyrkir komu að brekkunni, sáu þeir ekki kirkjuna og bæinn. Þeim fannst, að þarna ættu þeir að komast inn í bæ en fundu engar dyr. Ætluðu þeir þá að grafa sig inn og grófu grófina, en urðu frá að hverfa. Anna og sr. Kristinn þekkja hins vegar nafnið Tyrkjalág. Henni fylgdi sú sögn, að þegar sást til Tyrkja, gekk sr. Einar Sigurðsson (d.1726) í kirkju með söfnuðinum (eða heimafólki) og bað þess, að Tyrkir rændu ekki í Breiðdal. Þá gerði svo mikla þoku, að Tyrkir fundu ekki staðinn, en komu að

Kirkjuhól, héldu það vera kirkjuna og ætluðu að grafa sig inn í hana. Sagan segir, að sr. Einar hafi á banadægri sagt, að meðan nokkurt sitt bein væri ófúið, mundu Tyrkir ekki ræna í Breiðdal. Sagt var, að um miðja 19. öld hefði við uppgröft í garðinum fundizt hringur með fangamarki sr. Einars og ófúinn köggull innan í" (ÖH).

**Heydalir 158960 185 - 29**
**Hlutverk:** Fjárrétt
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 50, 0 (-648336) V: 14, 9, 31 (-141586)
**Lengd:** 30 m
**Breidd:** 20
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Lítil hætta




**Staðhættir**
"Ofan Norðurdalsvegar, inn við Tinnudalsá og upp að kletti fyrir neðan Ytri-Hálá er kjarri vaxið land með rjóðrum á milli. Innan við klettinn er dálítill foss í ánni. Utan og neðan við fossinn er hvammur. Í honum er rétt hlaðin úr steini. Hún hefur ekki verið notuð, a.m.k. síðastliðna hálfa öld, nema þá til að taka kind og kind" (ÖH).
Réttin liggur á austurbakka Tinnudalsár í hvammi vestan hárra kletta.
**Lýsing**
Réttin er mynduð af um 30 m langri grjóthleðslu sem liggur í sveig til norðvesturs út frá klettavegg að stórum steini við Tinnudalsá. Hlið er á réttinni norðaustanvert. Tinnudalsá myndar vesturhlið réttarinnar en klettaveggurinn suðurhlið. Hleðslan er eingöngu úr grjóti, nokkuð farin að láta á sjá. Smá grjótvarða stendur á stórum steini um 10 m norðan réttarinnar.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 30**
**Sérheiti:** Stekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 48, 38 (-648106) V: 14, 9, 35 (-141597)
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Vatnsrof

**Staðhættir**




"Utan undir Háahrauni eru grónar brekkur, síðan taka við aurar. Þar var fyrsti flugvöllurinn. Utan við aurana eru grónir bakkar og mýrar við Þverána, en neðan við aurana er Þverárnes, þýft harðvelli. Ofan við aurana utan og ofan til gengur grasi gróin kvos inn úr graslendinu við Þverá. Þar heitir Stekkur. Tættur sjást þar. E.V. [Einari Vigfússyni] segir, að þar muni hafa verið fært frá og stíað fyrr meir" (ÖH).

Um 60 m austan vegar sem liggur niður að Breiðdalsá innan (vestan) Þverár. Efst í hvammi ofan (norðan) grassléttu út við Þverá norðan við svæðið þar sem flugvöllurinn var. Stekkurinn liggur uppi við melhæð i grónu þýfi um 20 m vestur frá bakka árinnar sem áin er að brjóta úr.

**Lýsing**

Tvískipt stekkjartóft. Norðan við er fjárhús og heytóft. Fjárhúsið snýr a-v um 5 x 2 m að innanmáli en heytóftin vestan við er um 2 x 1,5 m. Sunnan tóftarinnar er ferhyrnt fjárheldi eða kró um 8 x 4 m, dyr hafa verið á suðurhlið fjárhússins út í króna.



Melbrekkan markar vesturhlið en garðlag liggur til austurs frá brekkunni og myndar suðurhlið. Girðing hefur verið til austurs. Stekkurinn er hlaðinn upp við brekku og myndar hún vesturhlið hans. Hleðslur standa enn mjög vel, úr torfi og grjóti, hæstar um 1 m en þykkt um 70 cm.

**Aðrar upplýsingar**

Götur sem lágu upp frá Hólmavaði lágu um Stekkinn.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 31**
**Sérheiti:** Skörð
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 24 (-647900) V: 14, 8, 48 (-141467)
**Lengd:** 13 m
**Breidd:** 5 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vatnsrof

**Staðhættir**
"Þar fyrir ofan, meðfram ánni, taka við Neðri- og Efri-Staðarhvammur, grasi grónir hvammar, þar sem skiptast á harðvellisbalar og mýradrög. Í neðri hvamminum er dálítil tjörn. Ræsi úr henni fellur í Breiðdalsá. Neðan við það ræsi, við ána, neðan við brú sem nú er á Breiðdalsá, var hjáleigan Skörð (í Skörðum, Einar Vigfússon). Hún er ekki nefnd í manntali 1703 og 1816 er hún í eyði. [...] Aðeins sést fyrir tættum, og þar er lítil hlaðin rétt frá 1938, sem kom í staðinn fyrir rétt, sem fór undir brúarsporðinn, þegar Breiðdalsá var brúuð. Innst í Efri-Staðarhvammi er öðruvísi gróðurfar sem gæti bent til mannvirkja" (ÖH).
Um 80 m austur af nyrðri enda núverandi brúar á Breiðdalsá sunnan við Heydali, um 50 m sunnan tjarnar sem liggur í hvamminum.

**Lýsing**




Á hól frammi við ána þar sem hún sveigir til norðurs er aflöng tóft um 13 x 5 m að utanmáli, snýr nálega a-v. Ekkert grjót sést í hleðslu enda eru veggir tóftarinnar mjög hrundir og hlaupnir í þúfur. Vestan í tóftinni eru tvö hólf, það minna um 4 x 2 m og það stærra 4 x 3 m. Austan í tóftinni er svo ferkantað hlaðið hólf eða áheldi, 3 x 4 m að innanmáli, hefur verið tréþil eða grind við suðurvegg. Veggjahæð er mest 60 cm og breidd 2 m. Breiðdalsá rennur rétt sunnan við tóftina og er hún því í mikilli hættu.

**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.

**Heydalir 158960 185 - 32**
**Sérheiti:** Skörð
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 47, 24 (-647900) V: 14, 8, 43 (-141453)
**Lengd:** 13 m
**Breidd:** 5 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Lítil hætta
**Hættuorsök:** Vatnsrof

**Staðhættir**
"Þar fyrir ofan, meðfram ánni, taka við Neðri- og Efri-Staðarhvammur, grasi grónir hvammar, þar sem skiptast á harðvellisbalar og mýradrög. Í neðri hvamminum er dálítil tjörn. Ræsi úr henni fellur í Breiðdalsá. Neðan við það ræsi, við ána, neðan við brú sem nú er á Breiðdalsá, var hjáleigan Skörð (í Skörðum, Einar Vigfússon). Hún er ekki nefnd í manntali 1703 og 1816 er hún í eyði. [...] Aðeins sést fyrir tættum, og þar er lítil hlaðin rétt frá 1938, sem kom í staðinn fyrir rétt, sem fór undir brúarsporðinn, þegar Breiðdalsá var brúuð. Innst í Efri-Staðarhvammi er öðruvísi gróðurfar sem gæti bent til mannvirkja." (ÖH)

Um 50 m ofan (norðan) tóftar (185-34) og um 100 norðaustur frá nyrðri enda brúar á Breiðdalsá.

**Lýsing**

Garðurinn liggur í sveig á um 100 m kafla til austurs frá tjörninni í hvamminum. Svo sveigir hann að lægð sem liggur til norðurs upp brá bugðu í ánni. Garðurinn er orðinn mjög jarðsokkinn og þýfður, um 2 m á breidd og um 60 cm á þykkt.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.

**Heydalir 158960 185 - 33**




**Sérheiti:** Skörð
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 47, 26 (-647906) V: 14, 8, 47 (-141464)
**Lengd:** 2,5 m
**Breidd:** 1,5 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Lítil hætta
**Heimildamaður:** Guðjón Sveinsson frá Þverhamri sem var í vinnumennsku í Heydölum.

**Staðhættir**

"Þar fyrir ofan, meðfram ánni, taka við Neðri- og Efri-Staðarhvammur, grasi grónir hvammar, þar sem skiptast á harðvellisbalar og mýradrög. Í neðri hvamminum er dálítil tjörn. Ræsi úr henni fellur í Breiðdalsá. Neðan við það ræsi, við ána, neðan við brú sem nú er á Breiðdalsá, var hjáleigan Skörð (í Skörðum, Einar Vigfússon). Hún er ekki nefnd í manntali 1703 og 1816 er hún í eyði. [...] Aðeins sést fyrir tættum, og þar er lítil hlaðin rétt frá 1938, sem kom í staðinn fyrir rétt, sem fór undir brúarsporðinn, þegar Breiðdalsá var brúuð. Innst í Efri-Staðarhvammi er öðruvísi gróðurfar sem gæti bent til mannvirkja" (ÖH).
Réttin liggur á hólkolli um 50 m austur af nyrðri brúarsporði og um 20 m norðan árinnar og 30 m vestan við húsatóft (185-35).

**Lýsing**

Ferköntuð smátóft um 1,5 x 2,5 m að innanmáli. Mjög hruninn og útflött, vaxin mosa og lyngi, dyr hafa verið til austurs. Mesta vegghæð er um 30 cm og breidd um 60 cm. Guðjón Sveinsson segir þetta vera hluta réttar sem var í notkun fram á 20. öld.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.

**Heydalir 158960 185 - 34**
**Sérheiti:** Þýfiskot
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 47, 47 (-647964) V: 14, 7, 23 (-141231)

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

"Auk Árnastaða er kunnugt um 3 afbýli í Heydalalandi: Þýfiskot var út og niður af bæ utan við bæjarlæk, Skörð í hvammi ofan við Breiðdalsárbrú og Staðarborg upp af bæ, þar sem skólinn er nú og félagsheimilið...." (ÖH). Um 600 m beint austur af kirkjunni, í harðvellisþýfi um 700 m neðan Staðarborgar.

**Lýsing**

Aflöng tóft, snýr nv-sa, mjög þýfð og sokkin. Að utanmáli er hún 16 x 8 m en þykkt veggja er ekki greinanleg. Dyr hafa vitað til suðausturs. Sunnan og fast við tóftina er djúpur skorningur, e.t.v. traðir. Tóftin stendur nyrst á gróinni melhæð. Verið er að rækta skóg á melunum og er búið að setja niður plöntur í tóftina. Kann að vera svokallað Þýfiskot, aðrar minjar um mögulegt bæjarstæði fundust ekki við skráningu.




**Heydalir 158960 185 - 35**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft + Gerði
**Lega:** N: 64, 47, 48 (-647967) V: 14, 7, 5 (-141181)
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta




**Staðhættir**

Um 300 m norðaustur af Staðarborg, um 100 m upp af þjóðvegi í þýfðu graslendi á vesturbakka lítils lækjar.

**Lýsing**

Aflöng tóft um 6 x 4 m að utanmáli, snýr n-s með dyr til suðurs. Dyrnar liggja út í stærra, nálega hringlaga áheldi, um 8 x 6 m að innanmáli. Dyr eru á áheldinu til sa. Við vesturenda áheldisins er manngerð upphækkun en veggjalag er ekki greinilegt. Nærri ferhyrndur niðurgröftur er vestan tóftanna. Tóftin er á nokkurs konar upphækkun, líklega vegna endurbygginga. Veggir eru mjög hlaupnir í þúfur og veggjalög ógreinileg en veggjahæð er mest 40 cm og þykk um 1 m. Kunna að vera tættur stekkjar eða sels.

**Heydalir 158960 185 - 36 Sérheiti:** Árnastaðir
**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 49, 32 (-648256) V: 14, 8, 38 (-141439)
**Lengd:** 20
**Breidd:** 16
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
"Ef farið er síðan út fyrir neðan hlíðina, út um Hundsrass og út fyrir Krókalæk, verða fyrir gömul beitarhús frá Heydölum. Þau nefnast Árnastaðir og eru rúmlega 3 km frá bæ“ (ÖH). Þar hafði maður búið sem Árni hét og var einsetumaður, síðar hafa verið þar fjárhús frá Eydölum (ÖEy). Í örnefnaskrá E.V. er getið um Auðunskofa, en Auðunn Halldórsson bjó á Árnastöðum 1918-20. (Sjm. bls. 305)




**Lýsing**
Á Árnastöðum eru tættur á að minnsta kosti sjö stöðum. Stærsta tóftin er fjárhústóft sem liggur á hóltungu milli tveggja lækja. Hún er um 20 x 16 m að utanmáli og snýr nálega norður-suður. Tóftin samanstendur af tveimur misstórum fjárhúsum. Eystra húsið er stærra um 10 x 10 m að innanmáli. Tveir grjóthlaðnir garðar liggja eftir miðju eystra húsinu en smærri garðalaus tóft er samsíða vestan hennar, 8 x 2,5 m að innanmáli. Hlaða, 8 x 2,5 m að innanmáli, hefur legið þvert á aftan við eystri fjárhúsin og smærri hlaða er einnig aftan vestari hússins. Þrennar dyr hafa verið á húsunum og vita þær allar til suðurs. Tóftin stendur mjög vel, grjót- og torfhlaðin, veggjahæð er mest um 1 m og þykkt 3 m.

**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.

**Munnmæli**
“Í hlöðunni á Árnastöðum áttu menn að hafa orðið varir við einkennilega ófreskju. Það var gorvömb, sem valt þar um sjálfkrafa” (ÖH).



*Horft til suðvesturs yfir tóftir á Árnastöðum. Ljósmynd GZ*

**Heydalir 158960 185 - 37**
**Sérheiti:** Árnastaðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 49, 34 (-648261) V: 14, 8, 34 (-141428)
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
"Ef farið er síðan út fyrir neðan hlíðina, út um Hundsrass og út fyrir Krókalæk, verða fyrir gömul beitarhús frá Heydölum. Þau nefnast Árnastaðir og eru rúmlega 3 km frá bæ" (ÖH). Þar hafði maður búið sem Árni hét og var einsetumaður, síðar hafa verið þar fjárhús frá Eydölum (ÖEy). Í örnefnaskrá E.V. er getið um Auðunskofa, en Auðunn Halldórsson bjó á Árnastöðum 1918-20 (Sjm. bls. 305).
Lítil tvískipt tóft, um 20 m norðan við stóru beitarhúsatóftina.
**Lýsing**
Nyrðra hólfið er um 3 x 1,5 m að innanmáli og hafa dyr verið til norðurs, hæð vegglags er mest 30 cm og þykkt 30 cm.. Áfast sunnan við er annað ógreinilegra hólf um 3 x 2 m að innanmáli með óverulegum veggjalögum. Þykkt veggjar er einungis um 10 cm en hæð 15 cm.  Kunna að vera veggjalög undan girðingu.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri, 1976.

**Heydalir 158960 185 - 38**
**Sérheiti:** Árnastaðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Lega:** N: 64, 49, 33 (-648258) V: 14, 8, 39 (-141442)
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
"Ef farið er síðan út fyrir neðan hlíðina, út um Hundsrass og út fyrir Krókalæk, verða fyrir gömul beitarhús frá Heydölum. Þau nefnast Árnastaðir og eru rúmlega 3 km frá bæ“ (ÖH). Þar hafði maður búið sem Árni hét og var einsetumaður, síðar hafa verið þar fjárhús frá Eydölum (ÖEy). Í örnefnaskrá E.V. er getið um Auðunskofa, en Auðunn Halldórsson bjó á Árnastöðum 1918-20 (Sjm. bls. 305).
Um 15 m nv við stærstu beitarhúsatóftina.
**Lýsing**
Smátóft, snýr nálega n-s. Tréþil hefur verið til suðurs. Um 4 x 3 m að utanmáli. Grjót- og torfhleðsla, mesta vegghæð 40 cm og þykkt 50 cm. Um 3 m austan hennar er eins og móti fyrir ferkantaðri tóft, 4 x 4 m að utanmáli, líklega einhverskonar gripheldi. Nyrðri og vestari veggir greinilegir en aðrir veggir ógreinilegri.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri, 1976.

**Heydalir 158960 185 - 39**
**Sérheiti:** Árnastaðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Lega:** N: 64, 49, 32 (-648256) V: 14, 8, 39 (-141442)
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
"Ef farið er síðan út fyrir neðan hlíðina, út um Hundsrass og út fyrir Krókalæk, verða fyrir gömul beitarhús frá Heydölum. Þau nefnast Árnastaðir og eru rúmlega 3 km frá bæ“ (ÖH). Þar hafði maður búið sem Árni hét og var einsetumaður, síðar hafa verið þar fjárhús frá Eydölum (ÖEy). Í örnefnaskrá E.V. er getið um Auðunskofa, en Auðunn Halldórsson bjó á Árnastöðum 1918-20 (Sjm. bls. 305).
Um 30 m neðan við stóru fjárhústóftina., fremst á hólhrygg.
**Lýsing**
Ferköntuð smátóft, 1,5 x 2 að innanmáli, dyr til s. Torf- og grjóthlaðin og er grjót enn mjög greinilegt í hleðslum. Veggjahæð 60 cm, þykkt 60 cm. Um 5 m vestan tóftarinnar er ógreinilegri tvískipt tóft. Stærra hólfið er um 5 x 5m að utanmáli, smærra hólfið áfast norðan við er um 5 x 2 m. Veggir eru mjög ógreinilegir og hlaupnir í þúfur. Mesta vegghæð er 30 cm og veggjaþykkt 40 cm.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri, 1976.

**Heydalir 158960 185 - 40**
**Sérheiti:** Árnastaðir
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 49, 28 (-648244) V: 14, 8, 39 (-141442)
**Hleðsluhæð:** 1,7 m
**Lengd:** 15 m
**Breidd:** 8 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
"Ef farið er síðan út fyrir neðan hlíðina, út um Hundsrass og út fyrir Krókalæk, verða fyrir gömul beitarhús frá Heydölum. Þau nefnast Árnastaðir og eru rúmlega 3 km frá bæ" (ÖH). Þar hafði maður búið sem Árni hét og var einsetumaður, síðar hafa verið þar fjárhús frá Eydölum (ÖEy). Í örnefnaskrá E.V. er getið um Auðunskofa, en Auðunn Halldórsson bjó á Árnastöðum 1918-20 (Sjm. bls. 305).
Um 80 x 100 m suðvestur af stærstu tóftinni.
**Lýsing**
Aflöng fjárhús- og hlöðutóft, snýr nálega a-v. Tóftin er grjót- og torfhlaðin, veggir enn mjög greinilegir en tóftin annars nokkuð hrunin og þýfð. Fjárhúsið er um 10 m langt og er hlaðinnn garði eftir því miðju. Innangengt hefur verið í hlöðu vestan við og er hún um 5 m að lengd.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri, 1976.

**Heydalir 158960 185 - 41**
**Sérheiti:** Árnastaðir
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 49, 28 (-648244) V: 14, 8, 45 (-141458)
**Hleðsluhæð:** 2 m
**Lengd:** 10 m
**Breidd:** 12 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
"Ef farið er síðan út fyrir neðan hlíðina, út um Hundsrass og út fyrir Krókalæk, verða fyrir gömul beitarhús frá Heydölum. Þau nefnast Árnastaðir og eru rúmlega 3 km frá bæ" (ÖH). Þar hafði maður búið sem Árni hét og var einsetumaður, síðar hafa verið þar fjárhús frá Eydölum (ÖEy). Í örnefnaskrá E.V. er getið um Auðunskofa, en Auðunn Halldórsson bjó á Árnastöðum 1918-20 (Sjm. bls. 305).

Um 100 m sunnan við stóru beitarhúsatóftina. Stendur á áberandi hól í landslaginurétt vestan lækjar sem sameinast úr tveimur lækjum neðan stóru beitarhúsatóftarinnar.
**Lýsing**
Tvö samsíða herbergi um 5x2,5 m að innanmáli hvort, innangengt hefur verið á milli þeirra. Tóftin hefur snúið nálega n-s og dyr verið á austurvegg úr syðra herberginu. Áföst vestan tóftarinnar er aflöng tóft sem hefur verið með tréþil til suðurs. Sú tóft er um 8 m löng og 2,5 m breið að innanmáli. Tóftir þessar standa enn mjög vel og er mesta veggjahæð um 2 metrar. Mjög stórt grjót hefur verið í vegghleðslum. Tóftin stendur á nokkuð þýfðri upphækkun sem bendir til endurbyggginga.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri, 1976.

**Heydalir 158960 185 - 42**
**Sérheiti:** Árnastaðir
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 49, 30 (-648250) V: 14, 8, 43 (-141453)
**Hleðsluhæð:** 40 cm
**Lengd:** 3 m
**Breidd:** 2 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
"Ef farið er síðan út fyrir neðan hlíðina, út um Hundsrass og út fyrir Krókalæk, verða fyrir gömul beitarhús frá Heydölum. Þau nefnast Árnastaðir og eru rúmlega 3 km frá bæ“ (ÖH). Þar hafði maður búið sem Árni hét og var einsetumaður, síðar hafa verið þar fjárhús frá Eydölum (ÖEy). Í örnefnaskrá E.V. er getið um Auðunskofa, en Auðunn Halldórsson bjó á Árnastöðum 1918-20 (Sjm. bls. 305).
Um 60 m sunnan við beitarhúsatóftarinnar. [
**Lýsing**
Ferköntuð smátóft um 3 x 2 m að innanmáli og hafa dyr verið við suðausturhorn. Grjót- og torfhlaðin, grjót sést í hleðslu. Mesta vegghæð 40 cm og þykkt um 50 cm. Um 3 m vestan við tóftina er mjög ógreinilegt eldra garðlag, um 3 m langt.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri, 1976.

**Heydalir 158960 185 - 43**
**Sérheiti:** Árnastaðir
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 49, 32 (-648256) V: 14, 8, 37 (-141436)
**Ástand:** Gott

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
"Ef farið er síðan út fyrir neðan hlíðina, út um Hundsrass og út fyrir Krókalæk, verða fyrir gömul beitarhús frá Heydölum. Þau nefnast Árnastaðir og eru rúmlega 3 km frá bæ“ (ÖH).
“Þar hafði maður búið sem Árni hét og var einsetumaður, síðar hafa verið þar fjárhús frá Eydölum” (ÖEy). Í örnefnaskrá E.V. er getið um Auðunskofa, en Auðunn Halldórsson bjó á Árnastöðum 1918-20 (Sjm. bls. 305).
Á þurrlendi vestan lækjar milli hans og ássins sem stóru beitarhústætturnar standa.
**Lýsing**
Mjög útflött en greinileg tóft, um 7 x 4 m að utanmáli, dyr hafa verið til sa. Kunna að vera leifar eldri tófta, e.t.v. sels.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri, 1976.

**Heydalir 158960 185 - 44**
**Sérheiti:** Árnastaðir
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 49, 32 (-648256) V: 14, 8, 38 (-141439)
**Lengd:** 16 m
**Breidd:** 5 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**
"Ef farið er síðan út fyrir neðan hlíðina, út um Hundsrass og út fyrir Krókalæk, verða fyrir gömul beitarhús frá Heydölum. Þau nefnast Árnastaðir og eru rúmlega 3 km frá bæ“ (ÖH). Þar hafði maður búið sem Árni hét og var einsetumaður, síðar hafa verið þar fjárhús frá Eydölum (ÖEy). Í örnefnaskrá E.V. er getið um Auðunskofa, en Auðunn Halldórsson bjó á Árnastöðum 1918-20 (Sjm. bls. 305).
Liggur austan í ásnum þar sem beitarhúsatætturnar standa. Á þurrlendi rétt vestan lækjar sem rennur austan beitarhúsanna, um 5 m suðaustan við tóft 185-43.
**Lýsing**
Mjög jarðsokkin tóft um 16 x 5 m að utanmáli. Hefur snúið nálega n-s og dyr verið til s. Veggjalög eru mjög ógreinileg en tóftin virðist hafa verið tvískipt, stærra hólf sunnan til og smærra áfast hólf norðan þess. Dýpt tóftarinnar er um 50 cm.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri, 1976.

**Heydalir 158960 185 - 45**
**Sérheiti:** Selbalar
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 49, 28 (-648244) V: 14, 8, 5 (-141347)
**Lengd:** 20 m
**Breidd:** 8 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin hætta




**Staðhættir**
"Aðeins utan við Árnastaði, út undir Selá, eru sléttir grasbalar, sem nefnast Selbalar. Þar eru gamlar fjárhústættur og heytættur. Á að giska 1/2 km er á milli tóftanna á Árnastöðum og Selbölum. Sagt er, að haft hafi verið í seli á báðum þessum stöðum" (ÖH).
Um 200 m norðaustur af Árnastöðum um 20 m vestan Selár.
**Lýsing**
Mjög greinilegar beitarhúsatóftir, fjárhús og hlaða. Tóftin snýr n-s. Fjárhúsið er 15 m langt og garði eftir því miðju. Innangengt í hlöðuna aftan við sem hefur verið um 3 x 5 m að innanmáli. Dyr hafa verið til suðurs. Smákofi, um 2 x 3 m að innanmáli, er áfastur við vesturvegg fjárhússins. Tóftin er torf- og grjóthlaðin, hleðslur standa vel en nokkuð farnar að hrynja.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson, ritstjóri, 1976.

**Heydalir 158960 185 - 46**
**Sérheiti:** Selbalar
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Lega:** N: 64, 49, 27 (-648242) V: 14, 8, 7 (-141353)
**Hleðsluhæð:** 30 cm
**Lengd:** 5 m
**Breidd:** 3 m
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Uppblásturs

**Staðhættir**
"Aðeins utan við Árnastaði, út undir Selá, eru sléttir grasbalar, sem nefnast Selbalar. Þar eru gamlar fjárhústættur og heytættur. Á að giska 1/2 km er á milli tóftanna á Árnastöðum og Selbölum. Sagt er, að haft hafi verið í seli á báðum þessum stöðum.

Gísli í Brekkuborg sagði að í tíð sr. Snorra hefði verið selstaða og flutt skyr, ostar og smjör heim á staðinn” (ÖH).

**Lýsing**

Um 15 m sunnan beitarhúsanna við Seláer smákofi, um 5 x 3 m að utanmáli,grjót- og torfhlaðinn og sést grjót enn vel í hleðslum. Veggir eru hæstir um 30 cm og þykkt um 30 cm. Um tveimur metrum framan við kofann er mjög ógreinileg eldri tóft sem snýr n-s. Hún er um 7 x 3 m að utanmáli og er vestuveggur hennar greinilegastur. Veggjalög annars nokkuð eydd af uppfoki. Líklegast er að kofinn tilheyri beitarhúsunum en stærri tóftin kann þá að tilheyra selinu sem var þarna áður.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 47**
**Sérheiti:** Selbalar
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Lega:** N: 64, 49, 27 (-648242) V: 14, 8, 10 (-141361)
**Lengd:** 20 m
**Breidd:** 10 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Uppblástur

**Staðhættir**

"Aðeins utan við Árnastaði, út undir Selá, eru sléttir grasbalar, sem nefnast Selbalar. Þar eru gamlar fjárhústættur og heytættur. Á að giska 1/2 km er á milli tóftanna á Árnastöðum og Selbölum. Sagt er, að haft hafi verið í seli á báðum þessum stöðum" (ÖH).

Um 50 m suðsuðvestur frá beitarhúsunum við Selá á smá upphækkun.Tóftirnar eru í þurrum harðvellismóa og er hóllinn nokkuð uppblásinn.

**Lýsing**

Mjög ógreinileg smátóft, jarðsokkin og þýfð, um 3 x 2 m að utanmáli. Veggir eru mjög útflattir og ógreinilegir. Suðvestur frá tóftinni eru ógreinilegar þúfnamyndanir á um 15 m svæði sem í eru tvær ferhyrndar myndanir, sú eystri 5 x 2 m og sú vestari um 7 x 3 m. Ásinn eða hólmyndunin, sem þessar tóftir eru á, liggur nálega norður-suður. Eru líklega leifar selsins sem Selbalarnir draga nafn sitt af.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 48**
**Hlutverk:** Vindmylla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:**

**Staðhættir**

Á grunnteikningu af gamla Heydalabænum er sýnd vindmylla um 10 m vestan bæjarhúsanna, austan megin við traðirnar sem lágu upp túnið. Þarna er nú sléttað tún. Númer 17 á teikningu (Bd,bls. 32-33).

**Heydalir 158960 185 - 49**
**Sérheiti:** Staðarborg
**Hlutverk:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 48, 10 (-648028) V: 14, 7, 22 (-141228)
**Horfin:** Búið að slétta úr öllum tóftum.
**Staðhættir**
“Utan við Lögrétt, neðan við Innri-Djáknagilsás, rétt ofan við þjóveginn, eru skóli og félagsheimili sem nefnd eru Staðarborg. Áður fyrr var búið þar og síðar voru beitarhús frá Heydölum sem gengu undir því nafni, á svonefndri Borg eða Staðarborg (ÖH).
“Borg er beint niður af Djáknagili, þar hafði einu sinni verið byggð. Hét sá Jón og var kallaður Jón Matros sem þar bjó” (ÖEy).
**Lýsing**
Engar minjar er lengur að finna á Staðarborg.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Einari Vigfússyni.

**Heydalir 158960 185 - 50**
**Sérheiti:** Hjónagöng
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Hjónagöng eru landamerki Heydala og Fells. Sagt er að þar hafi hjón gengið til giftingar (ÖH).
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 51**
**Sérheiti:** Hjónagöng
**Hlutverk:** Áningarstaður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Krókalækur rennur innan og síðan neðan við hraunið [Neðra-Ólafsvörðuhraun]. Hann er mjög krókóttur. Ólafsbrekka er utan í hrauninu. Þar var áningastaður” (ÖH).
**Aðrar upplýsingar**
Ekki skráð 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 52**
**Sérheiti:** Manndrápshylur
**Hlutverk:** Sögn
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Yfir Manndrápshyl liggur steypt brú af gamla þjóðveginum, en ný brú er talsvert ofar.
**Lýsing**
"Nokkru ofar er Hólmavað á Tinnudalsá, þar sem hún skiptist í tvær kvíslar, um nokkuð stóran hólma spölkorn neðan við Manndrápshyl. Yfir hann liggur steypt brú af gamla þjóðveginum, en ný brú er talsver ofar. Sagt er, að í Manndrápshyl hafi lent alls 18 manns í kirkjuferðum, þegar ís brast undan því. Einnig er til sögn um að fólk úr Suðurdal hafi farið til kirkju að Heydölum að vetrarlagi. Á heimleiðinni brast á bylur, svo að það lét fyrir berast niðri í gilinu, en áin var á ís. Um nóttina gerði hláku, og fólkið drukknaði í ánni" (ÖH).
Haft er eftir sr. Kristni Hóseassyni í Breiðdælu, að hylurinn hafi verið nefndur Tyrkjahylur. En í Örnefnalýsingu hans frá 1991 er hann nefndur Manndrápshylur (BN, I bls. 351-352).
**Aðrar upplýsingar**
Ekki skráð á vettvangi 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Breiðdæla hin nýja, I bindi. Eiríkur Sigurðsson og Guðjón Sveinsson tóku saman. Akureyri 1986.

**Heydalir 158960 185 - 53**
**Sérheiti:** Djáknagil
**Hlutverk:** Sögn
**Tegund:** Örnefni
**Lega:** N: 64, 48, 26 (-648072) V: 14, 7, 13 (-141203)
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Utan við Lögrétt, neðan við Innri-Djáknagilsás, rétt ofan við þjóðveginn, eru skóli og félagsheimili, sem nefnd eru Staðarborg [....] Djáknagil, djúpt gil, klýfur Djáknagilsás og skiptir honum í Innri- og Ytri Djáknagilsás. Sögn er um að djákni frá Heydölum hafi orðið úti í Djáknagili. Landamerki milli Heydala og Fells eru á Ytri-Djáknagilsás, fast við gilið þar sem hæst ber" (ÖH).
Í Örnefnaskrá Eydala frá Einari Vigfússyni segir að í Djáknagili hafi Djákni verið hengdur. (Öey)
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefni í Eydalalandi, Einar Vigfússon skráði.

**Heydalir 158960 185 - 54**
**Sérheiti:** Þverhamarsskjól
**Hlutverk:** Sögn

**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Utan við Innrigróf og út í Þverhamarsskjólslæk er Holt eða Heydalaholt, sem áður er getið. Það afmarkast af Sauðabanalæk og Þverhamarsskjólslæk. Þverhamarsskjól er smágil, sem lækurinn rennur um. Hraunhryggur liggur innan við gilið, og myndar nokkurt skjól í því" (ÖH).
**Aðrar upplýsingar**
Var ekki skráð 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
**Munnmæli**
"Sagnir voru um, að þar væri reimt, og var talið, að sr. Snorri hefði einu sinni komizt nauðuglega undan fjanda. Þá voru sagnir um, að kirkjufólk frá Þverhamri, sem kom frá Heydalakirkju, hafi látið berast þarna fyrir í ófæru veðri og verið óhrakið sem úr húsi (sjá örn. Fells) einnig, að það hafi orðið þarna úti." (ÖH)

**Heydalir 158960 185 - 55**
**Sérheiti:** Halldórusel
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Innsti ásinn í þeim, næstur Selá, heitir Selbalahraun, en hinir hafa ekki neitt sérstakt nafn nema Djáknagilsásinn, sem er yztur, hann skiptir Fellum í Innfell og Útfell, og nær upp að Fellsá; við efri enda hans er Halldórusel, harðvellisbali grænn. Djáknagil heitir utan undir ásnum neðst, upp af Borginni. Í Selhrauni er Dýjakrókur" (ÖS).
**Aðrar upplýsingar**
Fannst ekki við vettvangskönnun 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Sveini Benediktssyni
**Munnmæli**
"Tvær systur, Þuríður og Halldóra, áttu að hafa búið á Þuríðarstöðum inn og upp af Fellum (tóttarbrot). Sundurþykkja reis milli þeirra og endaði í áflogum, svo að Halldóra flutti í Halldórusel" (ÖS).

**Heydalir 158960 185 - 56**
**Sérheiti:** Þuríðarstaðir
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Innsti ásinn í þeim, næstur Selá, heitir Selbalahraun, en hinir hafa ekki neitt sérstakt nafn nema Djáknagilsásinn, sem er yztur, hann skiptir Fellum í Innfell og Útfell, og nær upp að Fellsá; við efri enda hans er Halldórusel, harðvellisbali grænn. Djáknagil heitir utan undir ásnum neðst, upp af Borginni. Í Selhrauni er Dýjakrókur. Tvær

systur, Þuríður og Halldóra, áttu að hafa búið á Þuríðarstöðum inn og upp af Fellum (tóttarbrot). Sundurþykkja reis milli þeirra og endaði í áflogum, svo að Halldóra flutti í Halldórusel"(ÖS).
**Aðrar upplýsingar**
Fannst ekki við skráningu 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Sveini Benediktssyni.

**Heydalir 158960 185 - 57**
**Sérheiti:** Ólafsvarða
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Horfin

**Staðhættir**
"Á neðra Ólafsvörðuhrauni var há varða, Ólafsvarða. Venja var að tala um Ólafsvörðu en ekki sérstaklega um hraunin" (ÖH).
**Aðrar upplýsingar**
Varðan mun hafa verið rifin þegar lögð var raflína, til að fylla að raflínustaurunum.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Sveini Benediktssyni.
**Munnmæli**
"E.V. segir, að þarna hafi beitarhúsasmali frá Heydölum legið úti einhverju sinni, er hann var á leið frá Árnastaðabeitarhúsum, sem síðar verður getið. Anna segist hafa heyrt, að hún væri kennd við þann sem hlóð hana" (ÖH).

**Heydalir 158960 185 - 58**
**Sérheiti:** Þrívörður
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
“Lág hraun með þremur vörðum á. Sú neðsta skammt ofan við þjóðveginn. Áður lá vegurinn ofan við hana í viki, sem myndast í ásinn. Ofan við það eru tvær vörður með nokkru millibili. Þarna var beitarhúsaleið að Árnastöðum og Selbölum” (ÖH).Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
**Aðrar upplýsingar**
Ekki skráð á vettvangi 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 59**
**Sérheiti:** Efra og neðra Tíðavað
**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Efra og neðra Tíðavað eru á Tinnudalsá. “Þau voru farin úr Töglum eða Kleifártöglum í Kleifarlandi og yfir í Hálsa. Neðra vaðið var neðarlega úr Töglunum. Það var breiðara og betra og var oftar farið. Efra vaðið var dálitlu ofar og mun hafa verið nálægt því á móts við Þóruból í Kleifarlandi. Þar rennur áin þrengra og er straumharðari. Verra var því að fara þar, ef áin var mikil, en ef lítið var í henni, var þar sæmilega gott vað. Bæði vöðin voru notuð, þegar farið var til kirkju í Heydölum” (ÖH).
**Lýsing**
Bæði vöðin voru notuð, þegar farið var til kirkju í Heydölum. Kirkjuvegir lágu frá Efra-Tíðavaði um Hálsasund, en frá Neðra-Tíðavaði ofan Vatnsfótar, um Vatnsfótar-brekku. Koma vegir þessir saman við Þverá og liggja þar út á Sauraleitið.
**Aðrar upplýsingar**
Ekki skráð á vettvangi 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 60**
**Sérheiti:** Skjöldólfsstaðavað
**Hlutverk:** Vað
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Skjöldólfsstaðavað er út og niður úr Skjöldólfsstaðanesi, ofan við Sveinshyl.
**Aðrar upplýsingar**
Ekki skráð á vettvangi 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 61**
**Sérheiti:** Hólmavað
**Hlutverk:** Vað
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Nokkru ofar en Efra og neðra Tíðarvað er Hólmavað á Tinnudalsá, þar sem hún skiptist í tvær kvíslar um nokkuð stóran hólma rétt neðan við Manndrápshyl. (ÖH)
**Aðrar upplýsingar**
Ekki skráð á vettvangi 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 62**
**Sérheiti:** Fagradalsvað
**Hlutverk:** Vað
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Tvö vöð eru á Breiðdalsá, Skjöldólfsstaðavaða út og ofan úr Skjöldólfsstaðanesi, og ofan við Sveinshyl er Fagradalsvað innan til úr Skjöldólfsstaðanesi" (ÖS).
**Aðrar upplýsingar**
Var ekki skráð 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Sveini Benediktssyni.

**Heydalir 158960 185 - 63**
**Sérheiti:** Lambabakkavað
**Hlutverk:** Vað
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Frá Leirum að Klapparhyl eru þrjú gömul brot á ánni: Lambabakkavað er utan við Lambabakkahyl, sem kenndur er við Lambabakka, harðvellisbakka við ána. Innan við hann er Hvalvað og innst, undan Eyjum, er Eyjastrengur" (ÖH).
**Aðrar upplýsingar**
Var ekki skráð 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 64**
**Sérheiti:** Hvalvað
**Hlutverk:** Vað
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Frá Leirum að Klapparhyl eru þrjú gömul brot á ánni: Lambabakkavað er utan við Lambabakkahyl, sem kenndur er við Lambabakka, harðvellisbakka við ána. Innan við hann er Hvalvað og innst, undan Eyjum, er Eyjastrengur" (ÖH).
**Aðrar upplýsingar**
Var ekki skráð 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 65**
**Sérheiti:** Skipakíll
**Hlutverk:** Uppsátur
**Tegund:** Heimild 465

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Skipakíll skilur lönd Heydala og Fells inn að Ytra-Smárabrekkuhorni. Hann er neðri hluti svokallaðrar Kvíslar, sem er hluti af Breiðdalsá. Skipakíll er skipgengur, þ.e. bátar komast þar um á flóði. A.m.k. fram um aldamót voru fluttar afurðir af Breiðdalseyjum upp eftir Skipakíl. Sr. Emil Björnsson getur þess í örnefnaskrá Fells, að sagt sé, að sr. Snorri Brynjólfsson, sem var prestur í Heydölum 1819-51, hafi haft uppsátur við Ytra-Smárabrekkuhorn, þar sem Skipakíll tekur við af Kvíslinni" (ÖH).
**Aðrar upplýsingar**
Fannst ekki við skráningu 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.

**Heydalir 158960 185 - 66**
**Sérheiti:** Hafnarey
**Hlutverk:** Útræði
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Í Hafnarey hefur ætíð verið kofi á sama stað, þar sem hæst er á eyjunni. Hann er notaður á varptíma og við sel- og fiskveiðar. Útræði var frá Hafnarey frá fornu fari, enda lífhöfn þar í öllum veðrum. Inn af henni er hafskipalægi enn þann dag í dag" (ÖH).
"Í Hafnarey var verstöð frá Eydölum; stunduðu 2 vinnumenn prests þar selveiðar á vorum, en á sumrum fiskveiði og skötuveiðar, er á leið" (ÖS).
**Aðrar upplýsingar**
Var ekki skráð 2003.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Heydala skráð eftir Önnu Þorsteinsdóttur og Kristni Hóseassyni, 1991.
Örnefnaskrá Eydala, skráð af Sveini Benediktssyni.

**Heydalir 158960 185 - 67**
**Sérheiti:** Efri- og Neðri-Tjaldbotn
**Hlutverk:** Tjaldstæði
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Neðan við Ytri-Hraundal, utan við Ytri-Hálá, eru Efri- og Neðri-Tjaldbotnar. E.V segir, að þar hafi að líkindum verið venja að tjalda, þegar fólk hafi verið á grasafjalli til forna. Líka var talað um heyskap þar" (ÖH).
**Aðrar upplýsingar**
Var ekki skráð 2003.
**Heimildaskrá**
Anna Þorsteinsdóttir og Kristinn Hóseasson: Skrá yfir Örnefni í Heydölum: Breiðdalshreppi í S-Múlasýslu.1991.

**Jórvík  - 158971-197**



*Bæjarstæði Jórvíkur. Ljósmynd GZ*

## Saga

Jórvík er yst í Inndal, norðan Breiðdalsár. Jórvíkur er fyrst getið í Stephánsmáldaga Berufjarðarkirkju frá árunum 1491-1518. Þar segir: "Sánkti Ólafs kirkja í Berufirði á hálft heimaland og tólf hundraða jörð Jórvík".[25] Á árunum 1535 og 1553 er Jórvíkur einnig getið í Fornbréfasafninu.[26] Jörðin var enn kirkjujörð Berufjarðar í Jarðatali Johnsens 1847, 12 hundraða jörð að dýrleika. Landskuld var eitt hundrað, kúgildi eitt. Einn ábúandi var á jörðinni, leigjandi. Árið 1918 (Fasteignamat) var jörðin orðin einkaeign og mun hafa verið til 1960, þá var hún gefin Skógrækt ríkisins.[27] Síðustu ábúendur í Jórvík höfðu engan búrekstur undir það síðasta. Nú er jörðin í eigu Skógræktar ríkisins, þar er nokkur skógrækt en ekki hefur verið plantað skógi þar seinustu ár.

## Náttúrufar og jarðabætur

Landið er stórt og göngur miklar, en gott undir bú, sauðjörð góð og mun skógurinn hafa átt mikinn þátt í því. Samkvæmt fasteignamati 1918 hafði Jórvík góða kosti til að bera fyrir búskap. Tún var 4,1 ha., taða 125 hb. (þar af 12 hb. af Stekktúni og 3 úr nátthaganum). Hæfileg áhöfn 3 nautgr., 4 hestar og 300 fjár. Engjar voru grasgefnar og heygóðar. Skógur var talsvert mikill og torfrista góð. Jórvík er enn með ýmsum skýrum einkennum gamalla búhátta, 2 stórar beðasléttur frá því fyrir aldamótin 1900 í túni og húsatættur.[28]

---

[25] Íslenskt fornbréfasafn VII, bls. 32.
[26] Íslenskt fornbréfasafn IX, bls. 731-32,  XII, bls. 645).
[27] Sveitir og jarðir III; bls. 330.
[28] Sveitir og jarðir III, bls. 331-32.

**Landamerki**

Að innan milli Jórvíkur og Höskuldsstaða bein sjónhending úr miðjum áraurnum fyrir utan Höskuldsstaði upp úr árgilinu fyrir utan bæinn eftir merkjavörðum í ytra-Klofagil og Breiðatindskoll. Að utanverðu milli Jórvíkur og Ásunnarstaða, Gunnarsgil neðan frá Breiðdalsá og upp úr Gunnarsgili upp í Merkjagontu og þaðan bein stefna í Merkihraun og þaðan í Merkivörðu upp á hábrún og þaðan bein stefna í vörðu á landamerkjum Jórvíkur og Tóarsels og Dísarstaða og frá þeirri landamerkjavörðu bein stefna inn eftir Jórvíkurskarði, þar sem vötnum hallar norður af, og suður af inn á Breiðtindskoll. Að sunnan ræður Breiðdalsá landamerkjum milli Jórvíkur og Flögu.[29]

**Heimildaskrá**

Íslenzkt fornbréfasafn VII. Rvk. 1903-1907.
Íslenzkt fornbréfasafn IX. Rvk. 1909-1913.
Íslenzkt fornbréfasafn XII. Rvk. 1923-1928.
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847.
Fasteignamat 1918.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976.
Landamerkjabók S-Múlasýslu. 1883, 27. apríl.



*Varða á mel innan við Jórvíkurbæ (197-47). Ljósmynd BZ*

[29] Landamerkjabók. S. Múlasýslu

**Fornleifaskrá**

**Jórvík 158971 197 - 1**
**Hlutverk:** Bæjarhóll
**Tegund:** Bæjarhóll; tóftaþyrping
**Lega:** N: 65, 51, 27 (-658575) V: 14, 23, 19 (-143883)
**Lengd:** 50
**Breidd:** 30
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**




Jórvíkurbærinn stendur í krikanum dálítið ofan við mót Jórvíkurár og Bæjarlækjar. Ekki er annað vitað en að bærinn hafi frá upphafi staðið á sama stað. Hann stendur rétt utan við Bæjarlækinn á hól sem er neðst við Bæjargilið. Fram á hlaðið var smiðja með heilþili. Skemma var næst fyrir utan. Gestastofa var niðri og krangur. Bæjardyrnar voru á skemmunni og úr þeim gengið í gestastofu. Göng lágu bak við gestastofu úr bæjargöngum og inn í kranginn og úr honum brattur stigi upp á loftið. Pallbaðstofan var með hálfþili fram á hlað og álíka stór og skemman. Undir palli voru tvær stofur. Bæjargöngin voru löng og dimm og í þeim trégólf inn fyrir gestastofu. Bak við hlaðhýsin var langhýsi, sem allt var í jörð nema risið. Vestast í því var taðhúsið, þá búr og austast hlóðareldhús. Fjósið var bak við það og haughúsið innan við fjósið. Gengt var úr bæjargöngum í hlóðareldhúsið og úr því í búr og fjós.

Túnið er báðum megin lækjarins en besta túnið, Jórvíkurtúnið, er neðan við bæinn. Það var víða þýft ofan við bæ og dokkir stórar. Landið fyrir ofan bæ var kallað í efra, en fyrir neðan bæ í neðra.

Bæjarhóllinn stendur á austari bakka bæjarlækjarins, utan við svokallaða Tungu.

**Lýsing**
Ummál Bæjarhóls er 50 x 30 m.
Eitt bárujárnshús stendur enn á bæjarhólnum. Í kringum það eru fjórar mjög grónar tóftir,tvær aftan við húsið og tvær austan við það. Veggir standa vel og sér víða í bárujárn og timbur. Tóftirnar tvær aftan við húsið eru djúpar, um 3 m. En tóftirnar austan við eru öllu minni og lægri. Framan við húsið var rófnagarður skv. túnakorti.

**Heimildaskrá**
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 2**




**Sérheiti:** Efstahús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 28 (-648578) V: 14, 23, 15 (-143875)
**Lengd:** 15
**Breidd:** 7
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir**
Beint upp frá bænum er útihús samkvæmt túnakortinu frá 1919.
**"**Efst á Efratúni var Efstahús" (ÖH).
Efst í greniskógi, sem gróðursettur hefur verið ofan bæjarhóls í Jórvík, er tóft.
**Lýsing**
Tvískipt fjárhústóft. Tóftin snýr nálega a-v, eystri króin er um 10 x 7 m að utanmáli en vestri króin um 6 x 4 m að utanmáli. Vestari króin stendur lítið eitt á ská við þá eystri, meira til sv, innangengt á milli. Hleðslur standa mjög vel, um 1,5 m á hæð og um 2 m á þykkt. Dyr hafa verið á húsinu við sa- horn þess.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin er inni í skógi og vaxa tré í hleðslum hennar.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 3**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 51, 22 (-458394) V: 14, 23, 8 (-143856)
**Lengd:** 50 m
**Ástand:** Slæmt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir**
Túngarðsbrot liggur á um 50 m kafla norður-suður, um 30 m austan við Lindarbakka.
**Lýsing**
Garðurinn er nokkuð skemmdur enda liggur vegur upp með honum austan til. Um 1 m á þykkt. Upp við hann er sýnt tóftarbrot á túnakorti Jórvíkur frá 1919 (no. 197-5).
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.

**Jórvík 158971 197 - 4**
**Sérheiti:** Kúahlaða
**Hlutverk:** Hlaða
**Tegund:** Tóft

**Lega:** N: 64, 51, 25 (-648569) V: 14, 23, 22 (-143894)
**Lengd:** 7
**Breidd:** 3
**Ástand:** Slæmt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir**
„Neðan við innra kálgarðshornið var Kúahlaða. Hún var öll í jörðu nema bláþakið” (ÖH).
Tóftin er um 50 m neðan (sa) við bæjarhól í Jórvík.
**Lýsing**
Djúp ferköntuð tóft, um 7 x 3 m að innanmáli, mjög jarðsokkin og hulin gróðri.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 5**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 23 (-648564) V: 14, 23, 7 (-143853)
**Lengd:** 10
**Breidd:** 5
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir**
Lengst út eftir (austur), neðan við heimreiðina, er útihús á túnakorti frá 1919.
Tóft þess er innan við og áföst við túngarðinn austan við húsið á Lindarbakka.
**Lýsing**
Ógreinileg ferhyrnd tóftamyndun áföst við eystri túngarðsvegginn innanverðan. Mjög erfitt er að greina nákvæmar útlínur fyrir gróðri en tóftin er um 10 x 5 m að utanmáli.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.




**Jórvík 158971 197 - 6**
**Sérheiti:** Neðrahús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 23 (-648564) V: 14, 23, 17 (-143881)
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**




Á túnakorti 1919 er útihús neðarlega í túni, líklega Neðrahús. Landið fyrir ofan bæ var kallað í efra, en fyrir neðan bæ í neðra. Neðrahús var fjárhús á Neðratúni sem var neðan bæjar. Húsið var dálítið utan við bæinn (ÖH). Tóftin er um 100 m norðaustur af bæjarhúsum í Jórvík og um 30 m neðan við fjárhús.

**Lýsing**

Algróin tóft, útflött, mjög þýfð og sér hvergi í grjót. Austan við tóftina er breiður garður sem liggur upp að fjárhúsunum fyrir ofan (Efrahús) og afmarkar reit þar á milli.

**Heimildaskrá**

Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 7**
**Sérheiti:** Lambhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Útihús sést á túnakorti frá 1919 rétt niður af kúahlöðunni.
"Niður af bænum er Lambhús" (ÖS). Fannst ekki við skráningu 2003.

**Lýsing**

Um 100 m neðan (sunnan) bæjarhóls er grasi gróin grjóthrúga. Það virðist sem veggjum Lambhússins hafi verið ýtt þarna upp. Ekkert er annars eftir af veggjum hússins.

**Heimildaskrá**

Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 8**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 24 (-648567) V: 14, 23, 14 (-143872)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 2,2
**Lengd:** 12
**Breidd:** 7
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógrækta



**Staðhættir**
"Tvö fjárhús voru dálítið utan við bæinn, Efrahús og Neðrahús" (ÖH).
Fjárhústóft er um 100 m norðaustur af Jórvík og um 100 m vestur af Lindarbakka, um 30 m ofan við tóft af svokölluðu Neðrahúsi.
**Lýsing**
Tóftin er hlaðin úr torfi. Hún er vel gróin en þó sést víða í grjót í vegghleðslu. Veggir standa vel Ummál er um 12 x 17 m. Mesta hæð veggja er 2,2 m og mesta þykkt um 2 m. Í miðri tóft er garði og framan við hann er steypt fjárbað. Dálítið er af timbri og bárujárni í tóftinni. Tóftin er opin til suðurs. Austan við tóftina er breiður garður sem liggur upp að fjárhúsunum fyrir neðan (Neðrahús) og afmarkar reit þar á milli.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 9**
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 51, 25 (-648569) V: 14, 23, 24 (-143900)
**Skekkja:** 2
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Sér ekkert af henni, en punktur er tekinn við læk suðvestur af kúahlöðu. Skv. túnakorti.

**Staðhættir**
“Nokkuð neðan við hlöðuna (Kúahlöðu) og inn við lækinn var vatnsmylla. Hleðsla sést þar í læknum, og farvegur hafði verið gerður fyrir Jórvíkurá ofan gils og inn og niður í Bæjarlæk til vatnsmiðlunar”(ÖH).
**Lýsing**
Punktur var tekin nokkurn veginn þar sem myllan er sýnd á örnefnauppdrætti Jórvíkur. Annars eru engin merki myllunnar.
**Heimildaskrá**
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 10**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 27 (-648575) V: 14, 23, 16 (-143878)
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar




**Staðhættir**
Um 20 m norðaustur af bæjarhúsum á Jórvík er óþekkt tóft.
**Lýsing**
Ógreinileg ferhyrnd tóft. Ummál 4 x 5 m. Mesta hæð

veggja er 1 m og mesta þykkt veggja er 0,4 m. Dyr eru á tóftinni og vísa til norðurs. Um fimm metra vestan tóftarinnar er ferkantaður niðurgröftur um 1,5 x 1,5 m að ummáli.

**Jórvík 158971 197 - 11**




**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 26 (-648572) V: 14, 23, 10 (-143861)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 5 m
**Breidd:** 4 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**
Tóftin er um 100 m austur af bæjarhól og um 100 m ofan við Lindarbakka.
**Lýsing**
Hálfhringlaga algróin tóft, sér hvergi í grjót. Dyr hafa verið á tóftinni til suðausturs. Tóftin er um 4 x 5 m að innanmáli. Tóftin er algróin og sér hvergi í grjót. Ofan tóftarinnar er ferkantað svæði, sjá 197-12.
**Heimildaskrá**
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 12**
**Hlutverk:** Kvíar?
**Lega:** N: 64, 51, 26 (-648572) V: 14, 23, 10 (-143861)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 20 m
**Breidd:** 20 m
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**
"Utan við klapparhrygginn er Stöðull, þar sást fyrir stekk, kvíum og kró. Ofarlega á Stöðlinum og inn við Barnamelinn voru stæðilegar kvíar, en engin kró. Kvíar þessar voru notaðar fram á daga Stefáns [hvers?] eða þangað til, að hann tók upp færikvíar" (ÖH).
Merki um mannvirki, e.t.v. kvíar, fundust um 100 m ofan við Lindarbakka.
**Lýsing**
Ferhyrnt afmarkað svæði um 20 x 20 m að ummáli. Kann að tengjast kvíunum sem getið er í örnefnaskrá. Kann einnig að vera matjurtagarður.

**Jórvík 158971 197 - 13**
**Hlutverk:** Kálgarður

**Tegund:** Mannvirki
**Lega:** N: 64, 51, 27 (-648575) V: 14, 23, 20 (-143889)
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
"Rófnagarður er neðan við hlaðið í Jórvík, sbr. mynd bæjarins. Hann kallaðist jöfnum höndum sáðgarður eða kálgarður. Rófurnar voru hafðar til manneldis, en kálið gefið kúnum, þegar tekið var upp að haustinu" (ÖH).
Garðurinn er um 5 m austan við bæjarhús á Jórvík.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 14**
**Sérheiti:** Efrahús
**Hlutverk:** Fjárhús/Kálgarður
**Tegund:** Mannvirki
**Lega:** N: 64, 51, 26 (-648572) V: 14, 23, 16 (-143878)
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti frá 1919 er kálgarður austur af Bænum, alveg við veginn.
Garðurinn er um 30 m austan við Jórvíkurbæ, fast neðan heimreiðar.
Þarna munu svokallað Efrahús hafa staðið.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.

**Jórvík 158971 197 - 15**
**Hlutverk:** Kálgarður
**Tegund:** Heimild 465
**Lega:** N: 64, 51, 27 (-648575) V: 14, 23, 18 (-143883)
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Austanmegin í bæjarhólnum er kálgarður.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.

**Jórvík 158971 197 - 16**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 29 (-648581) V: 14, 23, 22 (-143894)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 2 m
**Breidd:** 2 m
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**
Um 80 m norðvestur af bæjarhúsum í Jórvík er tóft, á gilbrúninni vestan við bæjarlækinn.
**Lýsing**
Ferhyrnd tóft, algróin, um 2 x 2 m að ummáli. Útflött og fremur ógreinileg.



**Jórvík 158971 197 - 17**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 30 (-648583) V: 14, 23, 26 (-143906)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 0,5 m
**Lengd:** 5 m
**Breidd:** 3 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**
Um 150 m vestan við Jórvík og um 750 m vestan við þjóðveg er óþekkt tóft, efst í nátthaganum.
**Lýsing**
Algróin tóft, sér hvergi í grjót. Tóftin er grafin í hlíðina og gegnir hún hlutverki norðurveggjar. Ummál tóftarinnar er um 3 x 5 m. Mesta hæð veggja er 0,5 m og mesta þykkt er 0,5 m. Dyr eru á tóftinni og vísa til suðurs.

**Jórvík 158971 197 - 18**
**Hlutverk:** Fjárrétt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 29 (-648581)
**V:** 14, 23, 30 (-143917)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 24
**Breidd:** 6
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar




**Staðhættir**
"Innan við Tunguna er Kvíabotn. Þar sást fyrir stekk upp við brekkuna, bæði kvíum og lambakró. Innst í botninum var fjárrétt"(ÖH).



*Séð til norðurs yfir nátthagann (197-19) Ljósmynd. BZ*

**Lýsing**
Neðst í nátthaganum er tvískipt rétt, sem er að ummáli 24 x 6 m. Hún er einnig hlaðin úr torfi sums staðar og grjóti sums staðar. Tvennar dyr eru á réttinni á norðurhlið og austurhlið. Garðurinn umhverfis nátthagann myndar suðurvegg tóftarinnar.
**Heimildaskrá**
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 19**
**Hlutverk:** Nátthagi
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 51, 29 (-648581) V: 14, 23, 29 (-143914)
**Skekkja:** 5
**Hleðsluhæð:** 1
**Lengd:** 45
**Breidd:** 50
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**
"Innan við Tunguna er Kvíabotn. Þar sást fyrir stekk upp við brekkuna, bæði kvíum og lambakró. Innst í botninum var fjárrétt, en ofar Nátthagi. Hann var fjárheldur og garðar hlaðnir úr torfi og úr grjóti, þar sem það var að fá" (ÖH).

Nátthaginn er um 150 m vestan við bæinn Jórvík, um 700 m ofan vegar.

**Lýsing**

Garður hlaðinn úr grjóti sums staðar og torfi sums staðar. Bæði torf- og grjótveggir standa vel. Garðurinn er um 1 m á hæð þar sem hann er hæstur og um 1 m á þykkt. Hlið vísar til suðurs. Neðst í nátthaganum er tvískipt rétt, sem er að ummáli 24 x 6 m (197-18). Hún er einnig hlaðin úr torfi sums staðar og grjóti sums staðar. Tvær smærri tóftir eru einnig innan nátthagans (no. 197-20 og 197-21).

**Heimildaskrá**

Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 20**




**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 65, 51, 30 (-658583) V: 14, 23, 27 (-143908)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 0,5
**Lengd:** 9
**Breidd:** 4,5
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**

“Innan við Tunguna er Kvíabotn. Þar sást fyrir Stekk upp við brekkuna, bæði kvíum og lambakró” (ÖH).

Tóftin er um 150 m frá Jórvíkurbænum og um 740 m ofan þjóðvegar, innan Nátthagans.

**Lýsing**

Algróin tóft, sér hvergi í grjót. Tóftin er grafin í hlíðina og gegnir hún hlutverki norðurveggjar. Ummál tóftar er 4,5 x 9 m. Mesta hæð veggja er 0,5 m og mesta þykkt veggja er 0,5 m. Dyr eru á tóftinni og vísa til suðsuðausturs.

**Heimildaskrá**

Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 21**




**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 65, 51, 43 (-658619) V: 14, 23, 27 (-143908)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 10 m
**Breidd:** 6 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**

Stekkjartóft er um 1,5 km norðvestur af bæjarhúsum á Jórvík og liggur upp við brekku.

**Lýsing**
Tvískipt tóft, hlaðin úr torfi. Tóftin er algróin og hvergi sér í grjót. Mesta hæð veggja var 0,5 m og mesta þykkt um 0,8 m. Tóftin er byggð upp við brekku og er hún vesturveggur tóftarinnar. Ummál nyrðri tóftar er 3 x 6 m og ummál þeirrar syðri er 3 x 7 m.

**Jórvík 158971 197 - 22**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Engar leifar hesthúss fundust við skráningu.

**Staðhættir**
Útihús er vestan megin við bæinn og hinum megin við bæjarlækinn (Túnakort 1919).
**“**Hesthús var nokkuð utan við Nátthagann” (ÖH).
**Heimildaskrá**
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 23**
**Hlutverk:** Hrútakofi/hænsnakofi
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 29 (-648581) V: 14, 23, 23 (-143897)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 1,7
**Lengd:** 9
**Breidd:** 5
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**




Ofarlega í túninu, vestanmegin við bæjarlækinn er lítill kofi/hús (Túnakort 1919).
“Innan við lækinn er Tunga. Neðst á henni var fjárhús, en ofar hrútakofi og seinna hænsnakofi” (ÖS).
Kofinn er 100 m norðvestur af bæjarhúsum í Jórvík, efst í svokallaðri Tungu, um 80 m vestur af bæjarlæknum.
**Lýsing**
Algróin tóft, hvergi sér í grjót. Veggir standa yfirleitt ágætlega en eru þó sums staðar farnir að hrynja. Dyr eru og vísa til suðurs. Ummál tóftar er 9 x 5 m. Mesta þykkt veggja er 1 m og mesta hæð 1,7 m. Austan við tóftina er ógreinileg ferhyrnd tóft að ummáli 4 x 4 m, algróin og mjög þýfð.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.

Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 24**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Horfin:** Engin merki fundust um tóftina
**Heimildamaður:** Björn Björgvinsson

**Staðhættir**
"Innan við bæjarlækinn var Tunga, neðst á henni var fjárhús" (ÖS).
Lýsing
Fjárhús þessi munu hafa verið sléttuð og orðið að matjurtagarði. Stóð þar sem matjurtagarður no. 197-26 liggur.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

**Jórvík 158971 197 - 25**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Lega:** N: 64, 51, 28 (-648578) V: 14, 23, 28 (-143911)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 30 m
**Breidd:** 15 m
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Mikil hætta

**Staðhættir**
Austan við nátthagann er 15 x 30 m ferhyrndur reitur.
**Aðrar upplýsingar**
Búið er að planta nokkrum trjám í garðinn.

**Jórvík 158971 197 - 26**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Lega:** N: 64, 51, 28 (-648578) V: 14, 23, 27 (-143908)
**Skekkja:** 2
**Lengd:** 15 m
**Breidd:** 15 m
**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**
Austan við nátthagann er 15 x 15 m ferhyrndur reitur.
**Aðrar upplýsingar**
Búið er að planta nokkrum trjám þar.

**Jórvík 158971 197 - 27**

**Sérheiti:** Lindarbakki
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Hús
**Lega:** N: 64, 51, 23 (-648575) V: 14, 23, 09 (-143883)
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar

**Staðhættir**
Lengst út eftir (yst) er útihús (Túnakort 1919).
Lindarbakki var byggður 1940. Stendur yst í túninu. Bærinn stendur enn og er nú eign Skógræktarinnar (Sjm, 331).
Um 200 m austan við bæjarhús á Jórvík er Lindarbakki og stendur enn hús byggt 1940, illa farið.

**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

**Jórvík 158971 197 - 28**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 24 (-648567) V: 14, 23, 9 (-143858)
**Skekkja:** 2
**Hleðsluhæð:** 0.3
**Lengd:** 5
**Breidd:** 2
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegna skógræktar




**Staðhættir**
Á túnakorti má sjá útihús, rétt neðan við veginn austur af Bæjarhúsinu.
"Utan við klapparhrygginn er Stöðull, þar sást fyrir stekk, kvíum og kró. Ofarlega á Stöðlinum og inn við Barnamelinn voru stæðilegar kvíar, en engin kró. Kvíar þessar voru notaðar fram á daga Stefáns eða þangað til hann tók upp færikvíar" (ÖH).
Fornleifar þessar standa um 20 m norður af Lindarbakka og um 150 m austan við bæjarhúsin á Jórvík.
**Lýsing**
Algróin tóft, fremur ógreinileg. Mesta hæð veggja er 0,3 m og mesta breidd 0,4 m. Ummál er 2 x 5 m. Áföst austan við er óljós tóft, mjög gróin. Kann að vera annar þeirra stekkja sem getið er innan túns í Jórvík.
**Aðrar upplýsingar**
Líklega annar þeirra stekkja í túni sem getið er í örnefnaskrá Jórvíkur.
**Heimildaskrá**

Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

**Jórvík 158971 197 - 29**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Tóft + gerði
**Lega:** N: 64, 51, 25 (-648569) V: 14, 23, 11 (-143864)
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt




**Staðhættir**
"Klapparhryggur gengur niður í túnið utarlega. Neðan hans er Hesthúshóll, og þar stóð hesthús fyrir fjóra hesta. Annað hesthús stóð ofan við klöppina" (ÖH).
Um 100 m norðaustur af bæjarstæðinu í Jórvík og um 70 m norðvestur af Lindarbakka er tóft.
**Lýsing**
Lítil tóft, hálfgrafin inn í brekkuna. Að utanmáli er hún um 4 x 3 m, snýr na-sv og dyr hafa verið á norðausturhlið. Út frá norðausturhorni liggur nálega ferhyrnt garðlag, mjög ógreinilegt, sem myndar um 4 x 3 m hólf eða kró norðan tóftarinnar.
**Aðrar upplýsingar**
Kann að vera annar þeirra stekkja sem nefndur er í örnefnaskrá.

**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Hannes Þórðarson: Örnefni í Jórvík í S-Múlasýslu: Breiðdalshreppur:1972

**Jórvík 158971 197 - 30**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Lega:** N: 64, 51, 24 (-648567) V: 14, 23, 12 (-143867)




**Ástand:** Ómetið
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir**
Um 100 m austur af Jórvíkurbæ og um 50 m vestur af Lindarbakka er þyrping tófta, við slóða sem liggur milli húsanna.
**Lýsing**
Algróin, ógreinileg og útflött tóft um 2 x 4 m að utanmáli. Um 5 m austan við hana er önnur jarðsokkin tóft, um 5,5 x 3 m að utanmáli.

**Jórvík 158971 197 - 31**
**Sérheiti:** Jórvíkurstekkur
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 6 (-648517) V: 14, 23, 7 (-143853)
**Hleðsluhæð:** 1,7 m
**Lengd:** 20 m
**Breidd:** 12 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt




**Staðhættir**
"Annað húsið á Jórvíkurstekk tók fimmtíu fjár, en hitt fjörutíu, hlaða var við annað þeirra. [...] Það sá ekki fyrir stekk á Jórvíkurstekk, en þar voru tvö fjárhús, og hefur annað þeirra verið byggt upp úr stekknum"(ÖH).
Jórvíkurstekkur var afbýli frá Jórvík, byggt á 19. öld. Talið er að stekkurinn hafi farið í eyði 1870-1880. Síðan voru þar beitarhús til 1933. Rústirnar eru meðfram gamla veginum til Jórvíkur (Sjm, 331).
Á vesturbakka lækjar, um 200 m sa frá Jórvíkurbæ.
**Lýsing**
Túngarður umlykur bæjarstæðið á þrjá vegu en er afmarkað af svokölluðum Stekkjarlæk til austurs. Greinilegar eru a.m.k. sex tóftir, tvær þeirra sýnu greinilegastar og munu þær tilheyra beitarhúsunum sem voru í notkun fram til 1933. Stærsta rústin er fjárhús og hlöðutóft um 20 m á lengdina og 12 m á breidd. Hún liggur efst við túngarð norðantil. Tvær fjárhústóftir liggja samsíða nálega norður-suður, sú eystri er stærri með garða eftir miðju. Dyr vita til suðurs á báðum tóftum. Hlaða liggur þvert á þessar tóftir, áföst norðan við. Þessi rúst stendur á nokkurri upphækkun sem bendir til endurbygginga á staðnum.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

**Jórvík 158971 197 - 32**
**Sérheiti:** Jórvíkurstekkur
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 65, 51, 5 (-658511) V: 14, 23, 8 (-143858)
**Hleðsluhæð:** 1,5 m
**Lengd:** 16 m
**Breidd:** 8 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir**
“Annað húsið á Jórvíkurstekk tók fimmtíu fjár, en hitt fjörutíu, hlaða var við annað þeirra. [...] Það sá ekki fyrir stekk á Jórvíkurstekk, en þar voru tvö fjárhús, og hefur annað þeirra verið byggt upp úr stekknum”(ÖH).
Jórvíkurstekkur var afbýli frá Jórvík, byggt á 19. öld. Talið er að stekkurinn hafi farið í eyði 1870-1880. Síðan voru þar beitarhús til 1933. Rústirnar eru meðfram gamla veginum til Jórvíkur. (Sjm, 331).
Tóftin er um 30 m na við stóru fjárhúsin, um 20 m ofan við hlið á suðaustanverðum túngarðinum.
**Lýsing**
Túngarður umlykur bæjarstæðið á þrjá vegu en er afmarkað af svokölluðum Stekkjarlæk til austurs. Greinilegar eru a.m.k. sex tóftir, tvær þeirra sýnu greinilegastar og munu þær tilheyra beitarhúsunum sem voru í notkun fram til 1933. Fjárhústóft er mjög greinileg, hluti beitarhúsanna sem voru í notkun til 1933. Tóftin er um 16 x 8 m að utanmáli, torf og grjóthlaðin, snýr nálega norður-suður, með dyr til suðurs. Garði er fyrir miðju húsinu. Hleðslur standa enn mjög vel í um 1,5 m hæð.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

**Jórvík 158971 197 - 33**
**Sérheiti:** Jórvíkurstekkur
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 6 (-648517) V: 14, 23, 11 (-143864)
**Hleðsluhæð:** 40 cm
**Lengd:** 16 m
**Breidd:** 4 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir**
“Annað húsið á Jórvíkurstekk tók fimmtíu fjár, en hitt fjörutíu, hlaða var við annað þeirra. [...] Það sá ekki fyrir stekk á Jórvíkurstekk, en þar voru tvö fjárhús, og hefur annað þeirra verið byggt upp úr stekknum”(ÖH).
Jórvíkurstekkur var afbýli frá Jórvík, byggt á 19. öld. Talið er að stekkurinn hafi farið í eyði 1870-1880. Síðan voru þar beitarhús til 1933. Rústirnar eru meðfram gamla veginum til Jórvíkur (Sjm, 331).
Nyrst innan túngarðs, fast upp við hann um 8 m vestur frá stóru fjárhústóftinni og um 13 m austur af vesturhlið túngarðsins, er tóft.
**Lýsing**
Túngarður umlykur bæjarstæðið á þrjá vegu en er afmarkað af svokölluðum Stekkjarlæk til austurs. Greinilegar eru a.m.k. sex tóftir, tvær þeirra sýnu greinilegastar og munu þær tilheyra beitarhúsunum sem voru í notkun fram til 1933. Tóftin er fremur ógreinileg. Hún hefur snúið nálega norður-suður, dyr verið til suðurs. Tóftin er um 16 m löng og um 4 m breið. Orðin mjög jarðsokkin en kann að

hafa verið að hluta til niðurgrafin í brekkuna. Mesta hæð veggja er um 40 cm en veggjaþykkt er óviss.

**Heimildaskrá**

Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

**Jórvík 158971 197 - 34**
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 6 (-648517) V: 14, 23, 8 (-143856)
**Lengd:** 2 m
**Breidd:** 1,5 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir**

“Annað húsið á Jórvíkurstekk tók fimmtíu fjár, en hitt fjörutíu, hlaða var við annað þeirra. [...] Það sá ekki fyrir stekk á Jórvíkurstekk, en þar voru tvö fjárhús, og hefur annað þeirra verið byggt upp úr stekknum”(ÖH).

Jórvíkurstekkur var afbýli frá Jórvík, byggt á 19. öld. Talið er að stekkurinn hafi farið í eyði 1870-1880. Síðan voru þar beitarhús til 1933. Rústirnar eru meðfram gamla veginum til Jórvíkur (Sjm, 331).

**Lýsing**

Smákofi er áfastur túngarðinum að norðan, um 10 m austan stóru fjárhúsanna. Veggir mjög grónir og ógreinilegir en utanmál er um 2 x 1,5 að innanmáli. Dyr hafa verið til norðurs.

**Heimildaskrá**

Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

**Jórvík 158971 197 - 35**
**Sérheiti:** Jórvíkurstekkur
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 6 (-648517) V: 14, 23, 12 (-143867)
**Lengd:** 9 m
**Breidd:** 4 m
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

“Annað húsið á Jórvíkurstekk tók fimmtíu fjár, en hitt fjörutíu, hlaða var við annað þeirra. [...] Það sá ekki fyrir stekk á Jórvíkurstekk, en þar voru tvö fjárhús, og hefur annað þeirra verið byggt upp úr stekknum” (ÖH).

Jórvíkurstekkur var afbýli frá Jórvík, byggt á 19. öld. Talið er að stekkurinn hafi farið í eyði 1870-1880. Síðan voru þar beitarhús til 1933. Rústirnar eru meðfram gamla veginum til Jórvíkur (Sjm, 331).
Fjárhústóftin stendur um 20 m neðan, sv, stærstu fjárhústóftarinnar á Jórvíkurstekk.

**Lýsing**

Túngarður umlykur bæjarstæðið á þrjá vegu en er afmarkað af svokölluðum Stekkjarlæk til austurs. Greinilegar eru a.m.k. sex tóftir, tvær þeirra sýnu greinilegastar og munu þær tilheyra beitarhúsunum sem voru í notkun fram til 1933. Hér er um að ræða leifar ógreinilegrar tóftar, um 9 x 4 að utanmáli, veggjahæð mest 40 cm. Tóftin snýr na-sv, dyr hafa verið til suðvesturs. Tvö ógreinileg garðlög liggja í boga út frá sa horni og nv horni að fjárhústóftum sem liggja um 10 m neðan (sa) tóftarinnar. Garðarnir mynda um 10 x 15 m hólf eða áheldi. Tóftirnar eru mun ógreinilegri en tóftir beitarhúsanna.

**Heimildaskrá**

Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

**Jórvík 158971 197 - 36**
**Sérheiti:** Jórvíkurstekkur
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 6 (-648517) V: 14, 23, 13 (-143869)
**Lengd:** 9 m
**Breidd:** 7 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir**

“Annað húsið á Jórvíkurstekk tók fimmtíu fjár, en hitt fjörutíu, hlaða var við annað þeirra. [...] Það sá ekki fyrir stekk á Jórvíkurstekk, en þar voru tvö fjárhús, og hefur annað þeirra verið byggt upp úr stekknum” (ÖH).
Jórvíkurstekkur var afbýli frá Jórvík, byggt á 19. öld. Talið er að stekkurinn hafi farið í eyði 1870-1880. Síðan voru þar beitarhús til 1933. Rústirnar eru meðfram gamla veginum til Jórvíkur (Sjm, 331).
Fjárhústóftin stendur um 40 m neðan, sv, stærstu fjárhústóftarinnar á Jórvíkurstekk.

**Lýsing**

Túngarður umlykur bæjarstæðið á þrjá vegu en er afmarkað af svokölluðum Stekkjarlæk til austurs. Greinilegar eru a.m.k. sex tóftir, tvær þeirra sýnu greinilegastar og munu þær tilheyra beitarhúsunum sem voru í notkun fram til 1933. Tvær samfastar tóftir. Eystri tóftin er fjárhústóft, snýr nv-sa og dyr hafa verið til sa. Hún er um 4 x 5 m að utanmáli, garði er greinilegur fyrir miðri tóft og áföst henni að vestan er stærri tóft, um 9 x 4 m að utanmáli. Dyr á henni hafa einnig verið til suðausturs. Tvö ógreinileg garðlög liggja milli þessara tófta og tóftar 197-34. Þessar tóftir eru mun ógreinilegri og eldri en beitarhúsatóftirnar.

**Heimildaskrá**

Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

**Jórvík 158971 197 - 37**
**Sérheiti:** Jórvíkurstekkur
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N: 64, 51, 5 (-648506) V: 14, 23, 10 (-143864)
**Hleðsluhæð:** 1 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir**
"Annað húsið á Jórvíkurstekk tók fimmtíu fjár, en hitt fjörutíu, hlaða var við annað þeirra. [...] Það sá ekki fyrir stekk á Jórvíkurstekk, en þar voru tvö fjárhús, og hefur annað þeirra verið byggt upp úr stekknum"(ÖH).
Jórvíkurstekkur var afbýli frá Jórvík, byggt á 19. öld. Talið er að stekkurinn hafi farið í eyði 1870-1880. Síðan voru þar beitarhús til 1933. Rústirnar eru meðfram gamla veginum til Jórvíkur (Sjm, 331).
Um 300 m langur garður myndar nokkurn veginn ferhyrnda afmörkun umhverfis tóftirnar á Jórvíkurstekk, austurhlið takmarkast af á. Garðurinn stendur enn nokkuð vel en þó er einhver trjágróður farinn að sá sér í garðinn. Hann er um metri þar sem hann er hæstur og 2 m þar sem hann er breiðastur. Á túnakorti Jórvíkur frá 1919 eru sýndar tvær byggingar innan garðsins og hlið eru bæði á norður- og suðurhlið hans. Nú sést aðeins móta fyrir hliðinu á suðurveggnum.
**Lýsing**
Túngarður umlykur bæjarstæðið á þrjá vegu en er afmarkað af svokölluðum Stekkjarlæk til austurs. Greinilegar eru a.m.k. sex tóftir, tvær þeirra sýnu greinilegastar og munu þær tilheyra beitarhúsunum sem voru í notkun fram til 1933. Um er að ræða tvær samfastar tóftir. Eystri tóftin er fjárhústóft, snýr nv-sa og dyr verið til sa, um 4 x 5 m að utanmáli, garði er greinilegur fyrir miðri tóft. Áföst henni að vestan er stærri tóft, um 9 x 4 m að utanmáli. Dyr á henni hafa einnig verið til suðausturs. Tvö ógreinileg garðlög liggja milli þessara tófta og tóftar 197-34. Þessar tóftir eru mun ógreinilegri og eldri en beitarhúsatóftirnar.
**Heimildaskrá**
Uppdráttur af túnum í Breiðdalshrepp, S-Múlasýslu: Jórvík.
Örnefni í Jórvík í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Hannes Þórðarson skráði, 1972.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976.

**Jórvík 158971 197 - 38**
**Sérheiti:** Neðristekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N: 64, 51, 1 (-648503) V: 14, 23, 14 (-143872)
**Hleðsluhæð:** 1,5 m
**Lengd:** 15 m
**Breidd:** 7 m
**Ástand:** Gott

**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógur

**Staðhættir**
"Fjórir stekkir höfðu verið úti í skóginum eða við hann: Jórvikurstekkur, Neðristekkur, Borgarhraunsstekkur og stekkurinn ofan við Jórvíkurstekk í Stekkjargontunni" (ÖH).




Á örnefnakorti fyrir Jórvík er Neðristekkur sýndur 80 m sunnan við Jórvíkurstekk.
Stekkjartóftin er á grasbala um 80 m neðan (sunnan) við tún á Jórvíkurstekk.
**Lýsing**
